





Efnisyfirlit

Aðfararorð ríkisskattstjóra	3
Álagning opinberra gjalda	4
Skattskil einstaklinga	6
Þjónusta	7
Tekjuskattur í atvinnurekstri	8
Virðisaukaskattur	9
Vöru-, skila- og úrvinnslugjald.....	12
Skatteftirlit	13
Fyrirtækjaskrá	16
Ársreikningaskrá	17
Umsagnir og álit	18
Ýmis gjöld.....	19
Vefir.....	21
Rekstur tölvukerfa	22
Staðgreiðsla	23
Upplýsingagjöf	24
Skipulags- og þróunarmál	26
Alþjóðasamskipti	27
Húsnæði	28
Skjalastjórnun og tölfræði	29
Tíund	30
Mannauður.....	31
Embætti í mótun	32
Ársreikningur	35



Sameining skattfirvalda, miklar breytingar í lagaumhverfi og hrun efnahagskerfisins settu sterkan svip á störf starfsmanna ríkisskattstjóra á árinu 2011. Álagning opinberra gjalda varð erfiðari en áður hafði verið og sífellt fleiri átakamörk vegna eftirstöðva hrunsins komu til meðferðar hjá ríkisskattstjóra.



Sú mikla breyting sem varð þegar embætti níu sjálfstæðra skattstjóra voru lögð niður og felld undir starfsemi ríkisskattstjóra setti mark sitt á öll störf embættisins um allt land. Þótt sameiningin hafi formlega verið miðuð við 1. janúar 2010 eiga tilheyrandi breytingar sér stað á miklu lengri tíma. Ekki er ósennilegt að breytingarnar muni taka a.m.k. þrjú ár. Árið 2011 einkenndist því öðru fremur af því breytingaferli sem hrint var af stað ári fyrr.

Enda þótt sameining stofnana snúist formlega um nýja löggjöf er þó ljóst að hið raunverulega sameiningaferli er um annað, og einkum um að breyta skattframkvæmdinni í veigamiklum atriðum. Í því breytingaferli var hagræðing og skilvirkari stjórnsýsla höfð í fyrirrúmi. Fagmennska og samræmi í skattframkvæmdinni eru meginhornsteinar hins nýja fyrirkomulags. Sameining stofnana skattfirvalda snerist því ekki um að fella saman lög og breyta stjórnsýslunni þannig að tvö stjórnsýslustig yrðu að einu. Breytingin laut miklu frekar að því að endurskilgreina alla verkferla og koma þeim síðan í framkvæmd þannig að sátt ríkti og árangur næðist. Hið síðarnefnda getur þó verið býsna snúið, einkum ef breytingar snúa einnig að ríkjandi viðhorfum. Allt hefur það þó gengið samkvæmt áætlunum sem lagt var af stað með og e.t.v. eitthvað betur en þeir bjartsýnustu töldu mögulegt.

Til þess að ná árangri voru allir starfsmenn ríkisskattstjóra virkjaðir með margvíslegum hætti, bæði með samræðu og samstarfi. Endurteknir starfsmannafundir, þar sem hamrað var á umbótum

í skattstjórnsýslunni, skiluðu góðum árangri og auknum skilningi á því að breytingar væru orðnar nauðsynlegar. Markmið voru sett, leiðir ákveðnar og áherslur í framkvæmdinni mótaðar. Starfsmenn og stjórnendur mótuðu nýja skattframkvæmd þar sem lögbundin krafa um samræmi, jafnræði og rétta skattlagningu var höfð að leiðarljósi. Ekki er ósennilegt, þegar fram líða stundir, að unnt verði að horfa í baksýnispegilinn og sjá að með þessu móti hafi verið unnt að ná þeim árangri sem að var stefnt.

Eftirlit með skattskilum var endurskipulagt og nýjar áherslur mótaðar. Skattskil eru með þeim hætti að eftirlit með þeim þarf að vera skilvirkt og stöðugt í gangi. Þá var einnig hrint úr vör, í samvinnu við Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands, átaki um bættu atvinnuhætti, sem þætti í sátt aðila vinnumarkaðarins við gerð kjarasamninga. Átakið gekk vel og rúmlega 2.000 heimsóknir voru farnar í fyrirtæki um sumarið þegar aðalhluti átakans fór fram.

Lagaumhverfið í skattamálum er orðið flóknara en það hefur verið um langt skeið. Ýmsar lagabreytingar hafa flækt framkvæmdina mikið og er það áhyggjuefni ef hún er orðin það flókin að almenn þekking á lagareglum hverfi. Mikilvægt er að þegar jafnvægi fer að nást í samfélaginu verði leitast við að einfalda regluverkið.

Skúli Eggert Þórðarson

Álagning opinberra gjalda

Við vélræna yfirferð framtala fá u.þ.b. 75% allra skattframtala sjálfkrafa álagningu og þurfa því almennt ekki að sæta frekari athugun. Þá er jafnframt farið yfir þau 25% framtala sem eftir standa með vélrænum hætti og gerðar ábendingar til starfsfólks um frekari athugun á framtölunum áður en þau teljast tæk til álagningar. Með vélrænni yfirferð allra skattframtala er með samræmdum hætti farið yfir öll innsend skattframtöl áður en þau sæta álagningu opinberra gjalda. Álagningarferlinu lýkur síðan með skilum á álagningarupplýsingum til Fjársýslu ríkisins og tilkynningum til gjaldenda um niðurstöður álagningar.

Framtal og framtalsfrestur

Framtal einstaklinga á vefnum var opnað 7. mars 2011. Helsta nýjungin að þessu sinni var frádráttur vegna aðkeyptrar vinnu við viðhald og endurbætur húsnæðis, viðbótarauðlegðarskattur vegna uppfærslu á hlutabréfaeign frá fyrra ári og sérstakt utanumhald um útleigu íbúðarhúsnæðis. Veitt var undanþága frá útfyllingu eyðublaðs vegna frádráttar ökutækjastyrks ef fenginn ökutækjastyrkur var undir 247.000 kr.

Einstaklingum bar að standa skil á skattframtali eigi síðar en 23. mars. Framteljendur gátu þó sótt um aukinn skilafrest, sem var á bilinu 28. til 29. mars, en slembival réð lengd skilafrests. Framtalsfrestur lögaðila var til 31. maí. Endurskoðendur, bókarar og aðrir sem hafa atvinnu af framtalsgerð gátu síðan sótt um lengri framtalsfresti, sem miðuðust við að framtölum væri skilað jafnt og þétt fram að lokafresti sem var til 19. maí vegna launamanna og einstaklinga í rekstri, og 20. september vegna lögaðila. Lengdur skilafrestur miðaðist við rafræn skil á framtölum.

Útsending framtala og leiðbeininga

Ekki var útbúinn upplýsingabæklingur til dreifingar í öll hús. Látið var nægja að birta auglýsingar í dagblöðum þar sem gerð var grein fyrir helstu atriðum framtalsskila, svo sem framtalsfrestum, hvar hægt væri að nálgast leiðbeiningar, upplýsingar um veflykla o.fl. Sama fyrirkomulag var við dreifingu pappírframtala og árið áður. Aðeins þeir sem höfðu skilað framtali á pappír árið áður fengu nú sent pappírframtal. Jafnframt var veflyklabréf aðeins sent þeim sem ekki áttu varanlegan veflykil og til nýrra framteljenda. Þeir sem höfðu látið endurskoðanda eða bókara skila framtali fyrir sig árið áður fengu ekki sendan heim veflykil.

Framtalsaðstoð

Eins og síðustu ár var veitt símaþjónusta í tengslum við framtalskil í sérstöku símanúmeri sem gjaldendur gátu hringt í meðan á framtalsgerð einstaklinga stóð. Þá var vefurinn skattur.is auglýstur sérstaklega, svo og framtalsfrestir og helstu atriði sem hafa þarf í huga við framtalsskil. Við álagningu 2011 voru einstaklingar fyrr á ferðinni með framtalsskil sín en áður, og hefur sérstök símaþjónusta, aukin áritun upplýsinga á framtal, skýrari framsetning upplýsinga, einfaldað framtal og breytt form á leiðbeiningum undanfarin ár án efa haft þar mikið að segja.

Áritun á framtöl einstaklinga

Við áritun upplýsinga á rafræn framtöl voru nú áritaðar beint inn upplýsingar um frádrátt vegna aðkeyptrar vinnu við viðhald og endurbætur húsnæðis, viðbótarauðlegðarskattur vegna uppfærslu á hlutabréfaeign frá fyrra ári og tilfallandi verktakatekjur undir 200.000 kr.

Rafræn skil framtala

Fjöldi framtala sem skilað er rafrænt eykst frá ári til árs. Síðustu ár hefur þó hægt verulega á hlutfallslegri aukningu miðað við heildarfjölda á skattgrunnskrá. Áhersla hefur því verið lögð á að veita þeim mikla meirihluta landsmanna sem skilar skattframtölum rafrænt aukna þjónustu á þeim vettvangi. Þó gleymdust ekki þeir sem ekki gátu nýtt sér rafræna þjónustu og þess gætt að þjónustan við þá væri fullnægjandi.



Kröfulýsing vegna rafrænna skila fyrir hugbúnaðarhús var að vanda útbúin í ársbyrjun og setur hún traustan ramma utan um rafræn skil framtala. Frá og með árinu 2005 hafa samskipti við atvinnuframteljendur sem nota framtalsforrit fremur en vefinn verið á XML-formi. Lögð er mikil áhersla á að þjóna þessum hópi vel og að hann hafi með vefþjónustum aðgang að allri þjónustu sem býðst framteljendum á vefnum, svo sem áritun upplýsinga. Auk þess er þeim boðið upp á ýmsa sérsniðna þjónustu, t.d. vegna frestlista.

Um það bil 98,8% framtala lögaðila var skilað rafrænt sem er heldur hærra hlutfall en á fyrra ári. Þar af var 74% skilað með framtalsforriti frá DK-hugbúnaði en um 26% á vef ríkisskattstjóra. Heldur fleiri lögaðilaframtölum var skilað á vef RSK nú en á fyrra ári. Skiptinguna má sjá á meðfylgjandi töflu.

Rafræn skil einstaklinga frá upphafi rafrænna skila

	2011	2010	2009	2008	2007	2006	2005	2004	2003	2002	2001	2000
Vefframtalið	184.788	180.608	175.579	169.722	162.074	146.886	138.616	128.856	113.489	98.137	75.939	39.823
Framtalsforrit	59.893	62.293	66.357	70.065	71.640	70.304	69.399	69.513	68.034	62.717	56.581	33.167
Samtals R-skil	244.681	242.901	241.936	239.787	233.714	217.190	208.015	198.369	181.523	160.854	132.520	72.990
Samtals skil	258.903	257.695	262.863	258.304	253.022	241.444	234.501	229.800	226.484	224.916	221.538	217.348
Hlutfall R-skila	94,5%	94,3%	92,0%	92,8%	92,4%	90,0%	88,7%	86,3%	80,1%	71,5%	59,8%	33,6%

Rafræn skil lögaðila 2011

	Vefframtal RSK	DK-forrit	Rafrænt samtals	Pappír	Heild
Skattskyldir lögaðilar	6.900	20.934	27.834	331	28.165
Óskattskyldir lögaðilar	596	384	980	444	1.424
Samtals	7.496	21.318	28.814	775	29.589

Skattskil einstaklinga

Skattskil einstaklinga hafa verið einfölduð verulega, vélræn yfirferð skattframtala aukin og bætt, störf hafa verið sérhæfð og eftirfylgni með gagnaskilum gjörbreytt.

Breytingar í álagningu; 95. og 3. mgr. 96. gr.

Fjöldi tilkynnta breytinga samkvæmt 95. og 96. gr.	
Einstaklingar utan rekstrar	5.390

Kæzur; 99. gr. v/gjaldára 2010 og 2011

Fjöldi afgreiddra einstaklingskæra utan rekstrar	4.607
--	-------

Skipting kæra gjaldárið 2011

Fjöldi kærufamtala	1.385
Fjöldi kerfismerktra framtala	791
Fjöldi almennra kæra	2.269
Fjöldi frávísaðra bráðabirgðakæra	162

Endurákvæðanir; 5. mgr. 96. gr.

Fjöldi skoðaðra mála	574
Fjöldi úrskurða	514

Erindi; 2. mgr. 101. gr., 24. gr. ssl. o.fl.

Fjöldi óafgreiddra erinda 1. 1. 2011	761
Fjöldi óafgreiddra erinda 31. 12. 2011	629

Fjöldi innsendra erinda	3.710
Fjöldi afgreiddra erinda	3.542

Skipting afgreiddra erinda

Ný framtöl	1.572
Kerfismerkt framtöl	271
Önnur erindi í 2. mgr. 101. gr.	1.613
24. gr. ssl.	27
Mál frá yfirskattanefnd	5

Alþjóðamál

Fjöldi innsendra mála	4.862
Fjöldi afgreiddra mála	4.690

Skipting mála

Undanþágur frá skattlagningu fjármagnstekna	380
Endurgreiðslur fjármagnstekna	136
Vottorð og fríkort	1.528
Barnabætur – vottorð og EES-borgarar	322
Skattaleg heimilisfesti	2.496



Á Laugavegi 166 er stærsta afgreiðsla embættisins en á öllum starfsstöðvum eru afgreiðslur fyrir nærþjónustu.

Símabjónusta

Mikið álag er alla jafna í þjónustuveri við framtalsskil í mars-apríl og við lok álagningar á einstaklinga í júlí-ágúst ár hvert. Þar er, auk símsvörunar, m.a. svarað öllum tölvupósti sem ekki er stílaður á einstaka starfsmenn, almennum rafrænum fyrirspurnum, sem og fyrirspurnum af Norræna skattavefnum, nordisketax.net.

Sem dæmi um umfang þjónustunnar má nefna að á tímabili framtalsskila í mars 2011 bárust 50.309 símtöl til embættisins, auk símtala sem komu inn í gömlu símanúmerin á starfsstöðvunum utan Reykjavíkur, en þá voru skiptiborðin þar enn í gangi. Þar af komu 21.311 símtöl í númer fyrir eiginlega framtalsaðstoð frá 1. til 29. mars.



Fjöldi afgreiðslna á Laugavegi 2011

Mánuður	Almenn afgreiðsla	Skattkort	Fyrirtækjaskrá	Framtalsaðstoð	Samtals
Janúar	369	77	198	32	676
Febrúar	2.731	1.098	1.425	323	5.577
Mars	4.085	1.756	1.742	3.109	10.692
Apríl	2.205	1.049	1.097	392	4.743
Mái	2.883	1.467	1.327	387	6.064
Júní	2.506	2.105	1.051	256	5.918
Júlí	2.480	1.399	890	611	5.380
Ágúst	2.802	1.327	1.035	1.015	6.179
September	2.434	1.389	1.259	371	5.453
Október	2.177	1.119	1.125	289	4.710
Nóvember	2.397	1.084	1.441	251	5.173
Desember	1.895	848	1.059	175	3.977
Samtals:	28.964	14.718	13.649	7.211	64.542

Þess má geta að dagana 22. og 23. mars komu yfir 1.000 manns hvorn dag í afgreiðsluna á Laugavegi 166.

Tekjuskattur í atvinnurekstri

Unnið var markvisst að því að stytta málatíma við kæruafgreiðslu og afgreiðslu erinda samhliða því að vinna upp töluvert magn eldri erinda. Í þessu sambandi var verklag endurskoðað og vægi rafrænnar úrvinnslu aukið. Þá voru leituð uppi óafgreidd erindi og þeim lokið og endurspeglast þetta í tölunum um afgreidd erindi. Í þeim tilvikum sem mál drógust um of var gjaldendum gerð bréflaga grein fyrir töfinni og hvenær stefnt væri að lúkningu máls.

Álagningarskoðun einstaklinga í atvinnurekstri hófst um miðjan apríl og lauk að mestu 9. júní þó vinnslulok hafi dregist til 21. þ.m. vegna vöntunar á upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins. Í megindráttum var um að ræða hefðbundnar áherslur við skoðun framtalanna, þ.e. fyrst og fremst skoðun á grundvelli reglufalls og annarra tilgreindra atriða. Fjöldi tilkynnta breytinga á skattframtölum (95. og 96. gr.) var svipaður og árið á undan.

Við álagningu lögaðila var auk skoðunaratriða sérstaklega horft til þess að fækka áætlunum, og þar með kærur, með því að ljúka við nánast öll innsend framtöl og vanda betur til áætlana í því augnamiði að áætlunarfjárhæðir yrðu ekki um skör fram. Í þessu náðist töluverður árangur, en þeim sem sættu áætlun í tekjuskatti fækkaði úr 35% í 32% og hlutdeild áætlana í fjárhæð tekjuskatts lækkaði um kr. 4.180.751.085 eða um 37,71%, úr 37,27% árið 2010 í 19,03% árið 2011. Með það í huga að létta á álagningarvinnunni fyrir árið 2012 var skráasviði sendur listi yfir 2.597 lög- aðila sem forsendur kynnu að vera fyrir að afskrá.

Við vinnslu lögaðilaframtala fyrir álagningu voru hreinar tekjur í reitum 0900 hækkaðar um rúma 2,7 milljarða og yfirfæranlegt tap í reitum 0910 lækkað um rúma 55 milljarða. Þá var sú nýbreytni í álagningaryfirferðinni að eftir því sem unnt reyndist var tekin afstaða til mismunar sem fram kom á leiðréttingarskýrslum virðisaukaskatts.

Skoðuðum málum eftir álagningu fækkaði nokkuð á árinu en hraðari kæruafgreiðsla ásamt bættri stöðu erinda í árslok 2011 ætti að skila auknum tíma fyrir þennan verkþátt á árinu 2012.

Breytingar í álagningu; 95. og 3. mgr. 96. gr.

Fjöldi tilkynnta breytinga samkv. 95. og 96. gr.	
Einstaklingar með rekstur	2.031
Lögaðilar	820

Kæur; 99. gr. v/gjaldára 2010 og 2011

Fjöldi afgreiddra einstaklingskæra	1.201
Fjöldi afgreiddra lögaðilakæra	3.678

Skipting kæra gjaldárið 2011:

Fjöldi kæruframtala	3.407
Fjöldi almennra kæra	691
Fjöldi frávisaðra bráðabirgðakæra	396

Endurákvæðanir; 5. mgr. 96. gr.

Fjöldi skoðaðra mála	806
Fjöldi úrskurðaðra mála	431

Erindi; 2. mgr. 101. gr., 24. gr. ssl. o.fl.

Fjöldi óafgr. erinda 1.1. 2011	1.924
Fjöldi óafgr. erinda 31.12. 2011	8.336
Fjöldi innsendra erinda	5.761
Fjöldi afgreiddra erinda	6.657

Skipting afgreiddra erinda:

Ný framtöl	5.129
Önnur erindi í 2. mgr. 101. gr.	653
24. gr. ssl.	120
Annað	755

Líkt og árið 2010 var mjög mikil vinna við afgreiðslu umsókna um endurgreiðslu virðisaukaskatts til íbúðareigenda vegna viðhalds og endurbóta á íbúðarhúsnæði. Á tveggja mánaða tímabili frá miðjum janúar fram í miðjan mars voru afgreiddar u.þ.b. 4.600 endurgreiðslubeiðnir, eða álíka margar og bárust fyrir allt árið 2007, en alls voru tæplega 14.700 endurgreiðslubeiðnir af þessum toga afgreiddar á árinu. Þá var í fyrsta sinn boðið upp á að sækja rafrænt um þessar endurgreiðslur.



Unnið var að því að fækka áætlunum við frumálagningu virðisaukaskatts með þeim árangri að þeim fækkaði um u.þ.b. 35%, auk þess sem áætlaður virðisaukaskattur, útskattur, við frumálagningu lækkaði verulega m.v. næstliðið ár. Þessi árangur náðist m.a. með öflugu stofnskráreftirliti og var í því sambandi í fyrsta sinn beitt nýju ákvæði í lögum um virðisaukaskatt. Veitir það embættinu heimild til þess að fella aðila af skrá sem sætt hafa áætlunum samfelld í tvö ár eða lengur án þess að gera reka að því að fá þær áætlanir niðurfelldar. Einnig var unnið áfram að endurnýjun verkferla og verklagsreglna, hagræðingu og aukinni skilvirkni í framkvæmdinni.

Í árslok voru 32.370 aðilar á virðisaukaskattsskrá en voru 32.704 í árslok 2010 og hafði því fækkað um 375. Lögaðilar á virðisaukaskattsskrá eru u.þ.b. 65% af heildarfjölda skráðra aðila en einstaklingar um 35%, og hefur þetta hlutfall verið viðvarandi undanfarin misseri. Fjöldi skráðra virðisaukaskattsskýrslna við

álagningu 2011 var 130.009. Heildarfjöldi skráðra virðisaukaskattsskýrslna að viðbættum áætlunum (fyrir utan bráðabirgðaskýrslur fiskvinnslu) var hins vegar 153.003 og skiptist þannig: jákvæðar skýrslur og áætlanir 107.998, núllskýrslur 19.013 og neikvæðar skýrslur 25.991. Auk þessa voru skráðar 3.535 skýrslur frá þeim sem voru með vikuleg bráðabirgðaskil í fiskvinnslu.

Í töflunni hér hér að neðan eru upplýsingar um skattskylda veltu. Um er að ræða heildartölur ársins 2011 eins og þær voru undir lok apríl 2012. Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

Álagning virðisaukaskatts einstaklinga og lögaðila

	jan-feb	mars-apríl	maí-júní	júlí-ágúst	sept-okt	nóv-des	Samtals
Skattskyld velta 7%	70.397.867	81.084.712	91.571.699	97.459.192	89.589.779	92.818.037	522.921.286
Fjöldi	2.929	3.231	4.200	3.853	3.403	5.139	
Skattskyld velta 14%	0	0	0	0	0	-18.910	-18.910
Fjöldi						1	
Skattskyld velta 24,5%	-80.800	-148.577	-84.814	-269.782	-75.677	-581.782	-1.241.432
Fjöldi	55	60	42	39	44	95	
Skattskyld velta 25,5%	173.141.909	195.704.575	236.536.429	224.732.766	220.027.277	262.849.155	1.312.992.111
Fjöldi	14.620	14.955	17.699	15.336	15.479	21.464	
Skattskyld velta alls í þús. kr.	243.458.976	276.640.710	328.023.314	321.922.176	309.541.379	355.066.500	1.834.653.055

Í meðfylgjandi töflum eru upplýsingar um undanþegna veltu, útskatt, innskatt, áætlanir, álag o.fl. Um er að ræða heildartölur ársins 2011 eins og þær voru undir lok apríl 2012. Fjárhæðir eru í þúsundum króna en fjöldatölur nákvæmar. Í töflunni neðst á blaðsíðu 11 eru sundurgreindar endurgreiðslur fyrir öll tímabil ársins 2011 vegna húsbýggjenda, sveitarfélaga og erlendra aðila.

	jan-feb	mars-apríl	maí-júní	júlí-ágúst	sept-okt	nóv-des	Samtals
Undanþegin velta	149.581.558	191.806.275	209.256.157	210.786.244	207.128.519	199.337.490	1.167.896.243
Fjöldi	2.434	2.547	4.180	2.617	2.725	4.861	
Heildarvelta	393.040.534	468.446.985	537.279.471	532.708.420	516.669.898	554.403.990	3.002.549.298
Áætlun velta 7%	145.748	142.144	182.761	212.938	220.080	265.146	1.168.817
Áætlun velta 25,5%	3.652.920	3.649.693	3.775.632	2.553.908	2.291.660	6.654.797	22.578.610
Áætlun velta alls	3.798.668	3.791.837	3.958.393	2.766.846	2.511.740	6.919.943	23.747.427
Fjöldi	1.913	1.982	2.136	1.828	1.993	3.139	12.991
Útskattur 7%	4.938.306	5.685.852	6.422.912	6.837.328	6.286.715	6.516.047	36.687.160
Fjöldi	2.929	3.231	4.200	3.853	3.403	5.139	
Útskattur 14%						-2.650	-2.650
Fjöldi	0	0	0	0	0	1	
Útskattur 24,5%	-19.779	-35.166	-20.779	-66.097	-18.541	-142.240	-302.602
Fjöldi	55	60	42	39	44	95	
Útskattur 25,5%	45.082.691	50.834.178	61.279.707	57.957.831	56.691.612	68.722.698	340.568.717
Fjöldi	14.620	14.955	17.699	15.336	15.479	21.464	
Útskattur alls í þús. kr.	50.001.218	56.484.864	67.681.840	64.729.062	62.959.786	75.093.855	376.950.625
VSK af þjónustukaupum erlendis frá	157.114	227.395	131.913	91.874	96.990	198.802	904.088
Fjöldi	16	17	18	19	19	21	
Álag	158.786	167.914	187.785	142.941	148.709	292.652	1.098.787
Sérstakt gjald	5.425	8.335	8.675	5.920	4.345	4.895	37.595
Fjöldi	1.085	1.667	1.735	1.184	869	979	
Innskattur	49.210.136	56.360.344	66.026.415	61.761.339	60.924.414	68.728.891	363.011.539
Fjöldi	15.828	16.245	19.448	16.666	16.798	23.148	
Innskattur bráðabirgðaskil	522.907	516.069	639.100	431.797	1.085.964	398.836	3.594.673
Fjöldi	548	612	608	528	605	604	
Innskattur alls í þús. kr.	49.733.043	56.876.413	66.665.515	62.193.136	62.010.378	69.127.727	366.606.212
Skráðar alm. skýrslur	16.622	16.614	18.442	17.142	16.557	22.621	107.998
Par af áætlanir	4.284	3.962	4.167	3.198	3.041	4.341	22.993
Fjöldi núll-skýrslna	3.168	2.950	2.966	2.780	2.872	4.277	19.013
Fjöldi neikv. skýrslna	3.750	3.896	5.427	3.215	3.833	5.870	25.991
Fjöldi jákv. skýrslna	12.338	12.652	14.275	13.944	13.516	18.280	85.005



Rafræn virðisaukaskattsskil

	2011	2010	2009	2011	2010	2009
Virkir veflyklar	29.018	23.814	20.127	90%	73%	62%
Virk VSK-nr.	32.370	32.704	32.355			
Rafrænar skýrslur	120.023	93.959	81.107	92%	74%	65%
Skýrslur alls:	130.048	127.049	125.170			

Gjaldabreytingar sem leiddu af skoðun skýrslna og endurgreiðslubeiðna

Tegund mála	Breyting (lækkun) á endurgr. VSK:	Breyting (hækkun) á útskatti:	Breyting (lækkun) á innskatti:	Breyting (hækkun) á álagi:	Samtals gjaldabreytingar:
Samtímaeftirlit	0	57.605.626	368.417.875	4.177.897	430.201.398
Árseftirlit	0	83.933.310	70.474.135	8.408.749	162.816.194
Erindi/kæurur	0	42.861.501	-4.538.285	1.947.773	40.270.989
Endurgr. til sveitarf./ ríkisstofnana	42.263.888	0	0	0	42.263.888
Endurgr. til verktaka v/íb.húsnæðis	47.259.979	0	0	0	47.259.979
Endurgr. til einst. v/íb.húsnæðis	104.288.127	0	0	0	104.288.127
Aðrar endurgreiðslur	47.807.266	0	0	0	47.807.266
Samtals gjaldabreytingar:	241.619.260	184.400.437	434.353.725	14.534.419	874.907.841

Fjárhæðir eru í krónum

Endurgreiðslur virðisaukaskatts einstaklinga og lögaðila

	jan-feb	mars-apríl	maí-júní	júlí-ágúst	sept-okt	nóv-des	Samtals
Húsbyggingendur	260.382.070	338.677.206	454.414.722	538.361.291	676.626.768	759.644.096	3.028.106.153
Fjöldi	1.400	1.647	2.220	2.715	3.223	3.478	
Sveitarfélög/stofnanir	548.974.370	747.191.822	728.065.643	536.759.419	559.578.534	759.387.586	3.879.957.374
Fjöldi	194	195	200	195	192	184	
Húsnæði sveitarfélaga	28.482.057	34.569.595	84.667.822	120.425.641	75.306.516	40.149.613	383.601.244
Fjöldi	271	241	212	239	220	194	
Erlendir aðilar	115.729.027	170.319.927	224.332.610	450.219.217	309.397.961	201.667.020	1.471.665.762
Fjöldi endurgr.beiðna	13	16	40	26	18	12	
Endurgr. alls:	953.567.524	1.290.758.550	1.491.480.797	1.645.765.568	1.620.909.779	1.760.848.315	8.763.330.533

Vöru-, skila- og úrvinnslugjald

Ríkisskattstjóri hefur umsjón með álagningu skilagjalds, vörugjalds, skatts af sölu á rafmagni og heitu vatni auk úrvinnslugjalds vegna spilliefna og umbúða.

Skilagjald

Álagning vegna skilagjalds og umsýslupóknunar á drykkjarvörur í einnota umbúðum var 1.313 m.kr. en 16 gjaldendur voru á skilagjaldsskrá. Árið áður nam skilagjald alls 1.165 m.kr.

Vörugjald

Greiða skal vörugjald í ríkissjóð af innfluttum vörum og vörum sem framleiddar eru, eða fá einhverja vinnslumeðferð, innanlands. Gjaldskyldan nær til allra vara, nýrra sem notaðra, sem fluttar eru til landsins eða eru framleiddar, unnið er að, eða er pakkað hér á landi, og flokkast undir ákveðin tollskrárnúmer. Vara sem seld er úr landi er þó ekki gjaldskyld.

Skattur af sölu á rafmagni og heitu vatni

Álagning skatts af sölu á rafmagni var alls 1.818 m.kr. og skattur af sölu á heitu vatni var alls 265 m.kr. Alls voru 56 skattskyldir aðilar á skrá. Árið 2010 nam skattur á rafmagn alls 1.800 m.kr. og skattur á heitt vatn 215 m.kr.

Úrvinnslugjald vegna spilliefna og umbúða

Úrvinnslugjald vegna spilliefna og umbúða var lagt á þrjá gjaldendur vegna ársins 2011, alls 11,9 m.kr. Til samanburðar var álagning ársins 2010 11,3 m.kr. Á úrvinnslugjaldsskrá vegna úrvinnslugjalds umbúða voru 11 gjaldendur og var álagning 49 m.kr.

Vörugjald

	2011	2010	2009
Vörugjald af innlendra framleiðslu	1.514	1.444	622
Vörugjald af innflutningi	3.585	3.111	3.261
Fjöldi á vörugjaldsskrá	46	46	39



Á síðustu tveimur til þremur árum hefur áherslum í skatteftirliti verið breytt. Sameining eftirlitseininga, markvissara val á málaflokkum og aðilum til skoðunar, meiri samhæfing og tímabundin fjölgun starfsmanna í skatteftirliti hefur skilað auknum afköstum og betri árangri en áður. Eftirlitssvið hefur í tengslum við þessar breytingar skilgreint hlutverk sitt og markmið upp á nýtt.



Helstu mál

Á árinu lauk eftirlitssvið ríkisskattstjóra við 1.736 mál og nam heildarfjárhæð gjaldabreytinga í þeim samtals 5.969 m.kr. Þar að auki var á árinu fellt niður yfirfæranlegt ónotað tap að fjárhæð 46.710 m.kr. Helstu málaflokkar sem unnið var að voru:

Aflandsfélög

Skattlagning á tekjum af íslenskum hlutabréfum og heimteknum arði.

Afleiðuviðskipti

Bönkum og fjármálafyrirtækjum var gert að skila upplýsingum til ríkisskattstjóra um kaup og sölu viðskiptavina sinna á afleiðum á nokkurra ára tímabili, og voru þær bornar saman við skattframtöl viðkomandi.

Ólögð úthlutun arðs

Fylgt var þeirri framkvæmd að arður sem úthlutað var til hluthafa umfram heimildir eigin fjár, og að öðru leyti í ósamræmi við reglur laga um einkahlutafélög, hlutafélög og lög um ársreikninga, var skattlagður hjá einstaklingum eins og um laun væri að ræða og ekki fallist á frádrátt hjá lögaðilum.

Auðlegðarskattur

Eignaundanskot vegna auðlegðarskatts.

Erlendar tekjur

Árlega berast upplýsingar frá skattfyrirvöldum erlendis um tekjur Íslendinga í viðkomandi ríkjum. Slíkar upplýsingar voru bornar saman við tekjur á framtölum viðkomandi.

Fasteignaviðskipti

Skoðuð var skattaleg meðferð á söluhagnaði íbúðarhúsnæðis sem var yfir stærðarmörkunum 600 m³ hjá einstaklingum og 1.200 m³ hjá hjónum.

Frestaður söluhagnaður

Því var fylgt eftir að lögaðilar sem frestuðu skattskyldum söluhagnaði hefðu endurfjærfest í hlutabréfum eða öðrum eignum eins og áskilið var í lögum til skamms tíma.

Kaupréttir hlutabréfa og starfstengd hlunnindi vegna hlutabréfakaupa

Skattlagning hlunninda sem fólust í samningum sem stjórnendur félaga fengu vegna starfssambands síns um kaup á hlutabréfum í félögunum á áhættu félaganna sjálfra.

Niðurfærsla verðbréfaeignar

Skoðað var hvort niðurfærsla á verðbréfaeign í eigu lögaðila á árunum eftir hrun væri tilkomin vegna eigna sem væru sannanlega tapaðar.

Ólögmet nýting á tapi við samruna

Fyrir liggur niðurstaða yfirkattanevndar um að eignarhaldsfélag sem keypt hefur hlutafé í rekstrarfélagi og myndað tap vegna þeirra viðskipta getur ekki fært það tap með sér yfir í rekstrarfélagið þótt félögin séu sameinuð.

Skuldsett yfirtaka

Á árinu fóru nokkur mál í vinnslu þar sem hafnað var gjaldfærslu á vöxtum af lánum sem tekin höfðu verið til að fjármagna yfirtöku á sjálfu félaginu sem gjaldfærði vextina.

Tap lögaðila af sölu hlutabréfa

Skoðað var hvort lögaðilar hafi á árinu 2010 dregið frá tekjum sínum tap umfram hagnað af sölu hlutabréfa og myndað þannig yfirfærlegt tap, án þess að gera leiðréttingu í viðeigandi reit á skattframtali.

Eftirlitsátak

Með sérstöku samkomulagi ríkisskattstjóra, Alþýðusambands Íslands (ASÍ) og Samtaka atvinnulífsins (SA) var ákveðið að leggja til mannskap í sérstakt átak á árinu 2011 til að uppræta og koma í veg fyrir svarta atvinnustarfsemi og stuðla að bættum atvinnuháttum. Eftirlitssvið ríkisskattstjóra, sem stýrði verkefninu, réði fjóra nýja starfsmenn til þess að taka þátt í áttakinu en ASÍ og SA lögðu fram þrjá menn hvort.

Átakið hófst þann 14. júní og stóð út árið. Verkefnið náði sérstaklega til aðila að kjarasamningi ASÍ og SA frá því um vorið en einskorðaðist þó ekki við þá. Samkvæmt samstarfssamningi RSK, ASÍ og SA bar sérstök verkefnastjórn ábyrgð á verkefnavali en greiningarteymi eftirlitssviðs RSK lagði einnig til rafræna heimsóknarlista úr upplýsingakerfum sínum. Farið var í eftirlitsheimsóknir um allt land. Áhersla var m.a. lögð á að skoða tekjuskráningu, skráningu á launaskrá og staðgreiðsluskil starfsmanna, vinnustaðaskilríki og tiltekin bókhaldsatriði.

Helstu niðurstöður skatteftirlits

	2011	2010	2009
Gjaldabreytingar eftirlitsmála (nettó)			
Opinber gjöld	5.708.760.226	3.716.513.269	2.760.598.433
Virðisaukaskattur og álag	104.271.125	37.742.694	64.548.635
Tryggingagjald og álag á staðgreiðslu	156.105.335	87.683.312	49.389.823
Fjárhæð gjaldabreytinga alls	5.969.136.686	3.841.939.275	2.874.536.891
Lækkun á yfirfærlegu tapi	46.710.409.250	86.111.858	1.269.105.760
Meðalfjárhæðir og hlutfall gjaldabreytinga			
Fjárhæð gjaldabr. á hvert lokið m. með gj.br.	12.157.101	6.740.244	4.555.526
Fjárhæð gjaldabr. á hvert lokið mál	3.438.443	3.244.881	1.747.439
Fjöldi mála lokið á árinu alls	1.736	1.184	1.645
Par af fjöldi málaloka með gjaldabr.	491	570	631
Hlutfall gjaldabr. af loknum málum	28%	48%	38%

Helstu niðurstöður skatteftirlits, framhald

	2011	2010	2009
Samtímaeftirlit			
Fjöldi nýrra mála á árinu	2.909	384	-
Fjöldi mála í vinnslu á árinu	3.045	459	-
Fjöldi mála lokið á árinu	2.602	320	-
Fjöldi mála lokið m. athugasemd / send áfram	278	75	-
Hefðbundið skatteftirlit			
Fjöldi nýrra mála á árinu	1.934	1.050	1.327
Fjöldi mála í vinnslu á árinu	2.551	1.839	2.096
Fjöldi eftirlitsmála lokið	1.736	1.184	1.645
P.a. fjöldi mála með gjaldabreytingu	491	570	631

Liðlega 2.600 fyrirtæki voru heimsótt. Um 2.400 (83%) þeirra reyndust hafa hlutina í lagi og um 500 vera með starfsmenn í svartri vinnu. Um 7.300 starfsmenn voru látnir gera grein fyrir sér með skilríkjum og reyndust hátt í 900 þeirra vera í svartri vinnu, eða um 12%.



Fyrirtækjaskrá

Heildarfjöldi allra félaga í fyrirtækjaskrá í árslok var 64.345 og þar af 31.639 einkahlutafélög. Ríflega 1.700 ný einkahlutafélög voru skráð á árinu, tæplega hundrað fleiri en árið á undan. Jafnframt var talsverð aukning á skráningum á samlagsfélögum og sameignarfélögum hjá sýslumönnum, en einnig þarf að skrá slík félög í fyrirtækjaskrá óski þau eftir kennitölu.

Aukatilkynningar

Skráðar voru tæplega 7.000 svokallaðar aukatilkynningar en það eru tilkynningar sem fela í sér breytingar á skráningarskyldum atriðum hjá hlutafélögum og einkahlutafélögum. Lítillega hefur dregið úr fjölda þessara tilkynninga undanfarin tvö ár og er það í samræmi við almennan samdrátt í viðskiptalífinu.

Samrunar og skiptingar

Á árinu bárust 175 tilkynningar um samruna og skiptingar og var það 17% aukning frá fyrra ári. Auk þessa voru yfir 850 skráningar á ýmis konar öðrum félagaformum svo sem félagasamtökum og húsfélögum.

Afskráningar

Margar ástæður eru fyrir afskráningu félaga úr fyrirtækjaskrá. Má þar sem dæmi nefna samruna við önnur félög, gjaldprot eða að félagsaðilar ákveða að slíta félagi. Undanfarin ár hefur einnig verið unnið skipulega að því að afskrá félög sem ekki hafa haft starfsemi um árabíl og er það gert á grundvelli ákvæða í lögum um einkahlutafélög. Er þetta liður í því að skráin endurspegli sem best fjölda starfandi félaga og geti þannig verið enn traustari undirstaða skattgrunnskrár. Á árinu voru 1.722 félög afskráð úr fyrirtækjaskrá, þar af 1.525 einkahlutafélög.

Úrlausn deilumála

Stjórnsýsluþáttur fyrirtækjaskrár hefur vaxið nokkuð undanfarin ár en þar er fengið við úrlausn deilumála sem fyrirtækjaskrá þarf að kveða upp formlega úrskurði í. Var sú vinna býsna tímafrek á árinu enda mikilvægt að vanda vel til verka þar sem miklir hagsmunir geta verið í húfi fyrir þá sem hlut eiga að máli.

Ýmis konar aðstoð og ráðgjöf við viðskiptavini er jafnan nokkuð fyrirferðarmikil í starfi fyrirtækjaskrár, bæði við þá sem koma á skrifstofu skrárinnar og enn meira í síma.



Samkvæmt lögum ber að skila ársreikningi til ársreikningaskrár fyrir lok ágústmánaðar næsta ár eftir lokun reikningsárs. Skilaskyld félög fyrir rekstarárið 2010 voru samtals 32.910 en voru 32.505 fyrir 2009. Þann 31. ágúst 2011 voru skil á reikningum vegna rekstrarársins 2010 einungis 22,4%, sem þó var talsvert betra en árið á undan þegar skilin voru 17,7% á sama tíma. Í lok nóvember 2011 voru skil ársreikninga komin í 70,6% en voru aðeins 58% árið á undan.

Ljóst er að skil ársreikninga til skrárinnar hafa batnað umtalsvert milli ára og má þakka það mikilli umræðu sem átti sér stað á opinberum vettvangi í upphafi árs 2011. Skipti þar án efa miklu að Viðskiptaráð Íslands, ásamt fleiri aðilum atvinnulífsins, gerði sér grein fyrir mikilvægi þess fyrir heilbriggt viðskiptalíf að skil ársreikninga væru sem best og beitti sér af alefli fyrir betri skilum. Þá hafði einnig áhrif að í fyrsta sinn var ákveðið að sekta öll þau félög sem ekki höfðu uppfyllt skilaskyldu vegna rekstrarársins 2009. Kom sektarákvörðun til framkvæmda í byrjun maí 2011 en þá voru um 3.200 félög sektuð vegna vanskila á ársreikningum.



Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar

Á árinu heimilaði ársreikningaskrá 11 félögum að færa bókhald og semja ársreikninga sína í erlendum gjaldmiðlum. Ársreikningaskrá annast eftirlit með reikningsskilum félaga sem beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum í samræmi við VIII. kafla ársreikningalaganna og evrópskar reglur þar um. Ákvæðin gilda um samstæðu-reikninga félaga sem hafa hlutabréf sín eða skuldabréf skráð á skipulegum verðbréfamarkaði, þ.e.a.s. í kauphöll. Alls féllu 32 félög undir þetta ákvæði á árinu 2011. Auk þessa eru heimildarákvæði í ársreikningalögnum sem leyfa félögum sem ekki eru á markaði að fylgja hinum alþjóðlegu stöðlum og nýttu nokkur stærri félög sér það ásamt nokkrum dótturfélögum skráðra félaga, eða samtals 17 félög. Undir eftirlitið féllu þannig samtals 49 félög og félagasamstæður á árinu. Einnig bættust nokkrir nýir notendur alþjóðlegu staðlanna í hópinn á árinu og koma því til eftirlits á árinu 2012.

Rafræn skil ársreikninga til ársreikningaskrár

Á árinu bárust 25.824 ársreikningar rafrænt en heildarfjöldi ársreikninga sem skilað var á árinu, rafrænt eða á pappír, var 31.198. Send voru sektarboðunarbréf til 6.093 félaga vegna vanskila á ársreikningum 2009 og í framhaldi af því sektarákvarðanir til 3.296 félaga vegna vanskila á ársreikningum 2009. Send voru áskorunarbréf um skil á ársreikningi 2010 til 11.953 félaga.

Umsagnir og álit

Ríkisskattstjóri annast endurákvörðun á sköttum þegar niðurstöður skattrannsóknarstjóra ríkisins gefa tilefni til. Hann lætur uppi bindandi álit í skattamálum varði mál verulega skattalega hagsmuni þess er eftir því leitar, og veitir umsagnir í kærumálum fyrir yfirsattanefnd og að auki í þeim málum sem eru á verksviði embættisins og kærð eru til fjármálaráðuneytisins.

Mál frá skattrannsóknarstjóra ríkisins

Samkvæmt lögum skal ríkisskattstjóri annast endurákvörðun á sköttum þegar niðurstöður aðgerða skattrannsóknarstjóra ríkisins gefa tilefni til. Í byrjun árs 2011 voru 15 mál óafgreidd. Á árinu bárust 43 mál. Úrskurðað var í 21 máli og tvö mál eru í bið vegna framhaldsrannsóknar. Gjaldabreytingar á árinu námu samtals 976.275.878 kr. Í lok árs voru 37 mál óafgreidd, þar af 11 mál sem bárust í desember 2011.

Bindandi álit

Samkvæmt lögum nr. 91/1998, um bindandi álit í skattamálum, skal ríkisskattstjóri láta uppi bindandi álit í skattamálum, enda varði mál verulega skattalega hagsmuni þess er eftir álitinu leitar. Á árinu bárust átta beiðnir um bindandi álit. Fallist var á að gefa út bindandi álit vegna fjögurra beiðna, þremur beiðnum var vísað frá og ein var óafgreidd í árslok.

Umsagnir í kærumálum fyrir yfirsattanefnd

Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 30/1992, um yfirsattanefnd, ber ríkisskattstjóra að koma fram fyrir hönd gjaldkrefjenda gagnvart yfirsattanefnd. Ríkisskattstjóri færir fram rökstuðning og aflar nauðsynlegra gagna í kærðum málum. Í upphafi árs biðu 47 kærumál rökstuðnings ríkisskattstjóra. Á árinu bárust 578 mál frá yfirsattanefnd og voru 530 umsagnir afgangdar á árinu. Í árslok biðu 95 mál afgangslu.

Kaupréttaráætlanir

Ein kaupréttaráætlun og einn viðauki við kaupréttaráætlun voru staðfest á árinu, sbr. 8. tölul. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Útgáfa TS númera

Þrjár heimildir voru veittar á árinu til tekjufærslu skv. söluyfirlitum, sbr. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum, og 1. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 50/1993, með áorðnum breytingum, sbr. 8. og 17. gr. laga nr. 145/1994, um bókhald.

Tafabréf

Í þeim tilvikum þar sem ekki tókst að ljúka vinnslu á kærnum og erindum innan tímafresta var málsaðilum sent bréf, sbr. 3. mgr. 9. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, þar sem tilkynnt var um tafir á afgreiðslu mála.

Í janúar voru send 443 tafabréf.

Í febrúar voru send 228 tafabréf.

Í maí voru send 285 tafabréf.

Í ágúst voru send 186 tafabréf.

Í desember voru send 68 tafabréf.

Umsagnir

Ríkisskattstjóri veitir umsagnir í þeim málum á verksviði embættisins sem kærð eru til fjármálaráðuneytisins. Á árinu vörðuðu flest þessara mála endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna vinnu við íbúðarhúsnæði o.fl. Alls voru veittar 19 slíkar umsagnir og biðu fjórar afgreiðslu í árslok.

Ríkisskattstjóri leggur ríkislögmanni lið þegar höfðuð eru mál á hendur ríkinu vegna mála sem tengjast verksviði embættisins. Veittar voru umsagnir vegna tveggja dómsmála á árinu.

Álagning bifreiðagjalds, kílómetragjalds, olíugjalds, áfengisgjalds og úrvinnslugjalds fellur undir ábyrgð ríkisskattstjóra.

Bifreiðagjald

Bifreiðagjald var lagt á um 190 þús. ökutæki. Gjaldið var lagt á vélrænt tvisvar sinnum á árinu vegna hálfis árs í senn. Tekin voru fyrir 2.332 mál, kærur, skatterindi og leiðréttingar. Þyngst vógu mál bótaþega sem voru 1.736 talsins.

Kílómetragjald

Kílómetragjald er gjald sem innheimt er fyrir hvern ekinn kílómetra tiltekinnna ökutækja sem eru yfir 5.000 eða 10.000 kg. Það er ákvarðað fyrir hálfri ári í senn og ávallt eftir á. Kílómetragjald var

lagt á vegna um 4.200 ökutækja og voru áætlanir kílómetragjalds alls 1.488. Í kærumeðferð voru 938 áætlanir felldar niður með vélrænum hætti og í þeirra stað var akstur ákvarðaður á grundvelli síðbúins álestrar af ökumælum. Tekið var fyrir 371 mál á árinu, þ.e. kærur, skatterindi, skýrslur eftirlitsmanna og leiðréttingar. Þá voru skráðir inn 570 álestrar í álestrarskrá ríkisskattstjóra.

Bifreiðagjald

	2011	2010	2009
Heildarálagning bifreiðagjalds	6.421	6.100	5.474
Skattbreytingar	-195	-158	-166
Staða eftir skattbreytingar	6.226	5.942	5.308

í milljónum kr.

Kílómetragjald

	2011	2010	2009
Álagning	644	638	778
Áætlanir	463	481	526
Sektir	1	2	3
Samtals		1.121	1.307
Skattbreytingar	-496	-525	-457
Staða eftir skattbreytingar	612	596	850

í milljónum kr.



Olúgjald

Tekið var fyrir 431 mál, þar af 244 endurgreiðslur og 43 mál vegna litaðrar olíu.

Áfengisgjald

Ríkisskattstjóri annast álagningu áfengisgjalds af innlendri framleiðslu og eftirlit með starfsemi innlendra framleiðenda sem voru 11 á árinu. Í töflunni hér að neðan er yfirlit yfir álagt áfengisgjald af innlendri framleiðslu ásamt álögðu áfengisgjaldi í tolli (við innflutning) og samanburður við síðustu ár.

Úrvinnslugjald á ökutæki

Úrvinnslugjald var lagt á um 222 þús. ökutæki. Við álagningarvinnslu var reiknað gjald vegna allra bifreiða skráðra hér á landi síðustu 25 ár. Örfá mál/kærur komu til kasta ríkisskattstjóra vegna úrvinnslugjalds og þá helst þar sem farið var fram á niðurfellingu úrvinnslugjalds vegna þess að ökutæki hafi verið ógangfært.

Olúgjald

	2011	2010	2009
Álagning	6.651	6.561	6.484
Endurgreiðslur	-160	-155	-147
Sektir vegna brota	11	18	10
Alls	6.502	6.421,3	6.347

í milljónum kr.

Gjaldskyld olía, milljónir lítra	121,2	124	130,4
Gjaldfrjáls olía, milljónir lítra	99,7	112	129,5
Alls	220,9	236	259,9

Áfengisgjald

	2011	2010	2009
Innlend framleiðsla	3.879	3.801	3.206
Innflutningur	6.855	6.411	6.164
Alls	10.734	10.212	9.370

í milljónum kr.

Úrvinnslugjald

	2011	2010	2009
Heildarálagning úrvinnslugjalds	155	156	159,9
Skattbreytingar	-0,5	-0,5	-0,8
Staða eftir skattbreytingar	154,5	155,5	159,1

í milljónum kr.

Heimsóknum á upplýsingavef ríkisskattstjóra, rsk.is, hefur fækkað undanfarin ár þrátt fyrir aukin rafræn skil framtala. Það bendir til þess að notendur þurfi færri heimsóknir til að sinna viðskiptum sínum við skattýfirvöld og nýti sér þjónustuvefinn skattur.is meira án þess að leita sér upplýsinga á rsk.is.



Upplýsingavefur ríkisskattstjóra rsk.is hefur vaxið verulega að umfangi undanfarin ár. Í lok október var gerð breyting á vefnum með nýju útliti og nýrri framsetningu í þeim tilgangi að gera áhersluatriði ríkisskattstjóra meira áberandi og gera notendum auðveldara að nálgast það efni sem leitað er að.

Þjónustuvefur skattýfirvalda, skattur.is, er í stöðugri þróun. Nokkuð miðaði á árinu í gagnvirkum samskiptum við gjaldendur. Þar má nefna ýmsar tilkynningar sem nú eru birtar á samskiptafliða vefsins og eru alltaf aðgengilegar þar, kvittanir fyrir framtalskilum, tilkynningu um fyrirframgreiðslu sérstakrar niðurgreiðslu vaxta, birtingu upplýsinga um álagningu bifreiðagjalda o.fl. Þá voru gagnvirk kerfi vefsins endurbætt og nýjum bætt við, s.s. skráningu á stofnskrá vegna gistináttaskatts, og endurbætur gerðar á skilakerfi staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts.

Aðlögun tölvukerfa vegna lagasetningar

Miklar breytingar þurfti að framkvæma á tölvukerfum ríkisskattstjóra vegna breytinga á lögum. Sem dæmi má nefna að lagður var á viðbótaraudlegðarskattur á einstaklinga og frádráttur vegna nýsköpunar bættist við í álagningu lögaðila. Ásamt breytingum á vaxtabótum bættist við sérstök niðurgreiðsla vaxta hjá einstak-

lingum. Þá bættist við frádráttur vegna framkvæmda við viðhald og nýbyggingu íbúðarhúsnæðis.

Netframtal

Umtalsverðar breytingar voru gerðar á regluþrófun framtals lögaðila á árinu. Einnig var framtal einstaklinga endurbætt með ýmsum hætti og slakað á kröfum vegna frádráttar á móti ökutækjastyrk og dagpeningum. Þá bættist við eyðublað vegna CFC-félaga og vegna nýsköpunarfrádráttar hjá lögaðilum.

Undirbúningur fyrir meiri áritun

Á árinu var tekið í notkun vefskilakerfi vegna skila stórra aðila á gögnum til áritunar. Með upptöku kerfisins voru skilin einfölduð til muna og skilvirkni aukin. Við bankaupplýsingar bættust upplýsingar um afskriftir.

Ut anumhald takmarkaðrar skattskyldu

Kerfi til ut anumhalds undanþága frá greiðslu staðgreiðslu fyrir þá aðila sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi, sem opnað hafði verið á árinu 2010, var þróað og endurbætt verulega.

Heimsóknir á skattur.is

	2011	2010	2009	2008	2007	2006	2005	2004	2003
Meðaltal á mánuði	100	119	126	161	149	135	106	85	69
Flestar í mánuði	214	221	295	454	480	488	347	293	233
Fæstar í mánuði	62	97	95	105	97	84	70	53	38
Alls á árinu	1.209	1.436	1.507	1.937	1.787	1.615	1.271	1.015	823
Breyting milli ára	-15%	-4%	-22%	8%	10%	27%	25%	23%	

Í þúsundum heimsókna

Rekstur tölvukerfa

Sérstök áhersla var lögð á öryggismál tölvukerfa á árinu. Vegna aukinna öryggiskrafna fór fram ítarleg úttekt á verkferlum og tæknilegu umhverfi og í kjölfarið gripið til ýmissa aðgerða til að auka upplýsingaöryggi. Endurskoðun á þessu sviði verður aldrei lokið en segja má að staðan í lok árs sé töluvert breytt frá fyrra ári þótt margt sé enn í vinnslu.



Ríkisskattstjóri stofnaði í byrjun árs starfshóp um öryggismál í upplýsingatækni. Verkefni hópsins var að skoða skipulag öryggismála og gerð nýrra öryggisreglna. Um vorið skilaði starfshópurinn af sér skýrslu með yfirliti yfir stöðu öryggismála ásamt tillögum að úrbótum. Þá var ríkisskattstjóri í samvinnu við aðrar ríkisstofnanir um gerð sameiginlegra áætlana hvað varðar öryggismál. Um sumarið fór fram endurskoðun á öryggismálum í samstarfi við þá og voru mál birgja skoðuð sérstaklega.

Nokkrar öryggisúttektir fóru fram á innri og ytri kerfum ríkisskattstjóra. Skýrslur frá úttektaraðilum liggja fyrir og var brugðist við fram komnum ábendingum og athugasemdum.

Á árinu var undirbúin innleiðing á 802.1x netstaðlinum. Þá var í desember tekið í notkun IPS-kerfi sem hefur eftirlit með umferð til og frá neti og á innra neti. Einnig voru vírusvarnir endurskoðaðar, heimatengingar starfsmanna endurmetnar og öryggiskröfur hertar. Vöktun og eftirlit var gefið aukið vægi til að hámarka öryggi.

Tölvubúnaður

Talsverðar uppfærslur á búnaði áttu sér stað á árinu. Tölvur starfsmanna á starfsstöðvum landsbyggðarinnar voru endurnýjaðar. Þjónar voru endurnýjaðir, sumir í raun en aðrir voru færðir í sýndarumhverfi. Tveir þjónar bættust við á árinu í tengslum við IP-væðingu símkerfis. Nýtt kerfi, System Center, var sett upp vegna nýs vírusvarnarforrits. Fjórfeft var í viðbótardiskum í diskastæðuna. Til að tryggja gagnaöryggi enn betur var bætt við afritunardrifi auk þess sem kerfið var uppfært.

Málakerfi

Í byrjun árs 2011 voru öll skattamál í vinnslu sameinuð í einn GoPro gagnagrunn. Öll innri mál í vinnslu fóru í annan GoPro gagnagrunn. Málakerfið er bókhald yfir afgreiðslu mála. Það er stöðugri endurskoðun svo það þjóni hlutverki sínu sem best.

Símkerfi

Á fyrri hluta ársins var unnið að innleiðingu breytinga á IP-símstöð. Innleiðing gekk vel og stóðst kerfið álagsspröfun í marsmánuði. Talsverð breyting varð á netmálum í kjölfar innleiðingarinnar. Ýmsar viðbætur voru settar upp, t.d. nýtt hljóðritunarkerfi. Góð reynsla er af því að sett var upp sérstakt skiptiborð sem hefur tekið mikið álag af þjónustuverinu.

Fjarfundabúnaður

Fjarfundabúnaður hefur reynst vel og notkun varð meiri en áætlað var í byrjun. Til þess að geta annað álagi var fjarfundabúnaðurinn stækkuð á árinu og ætti það einnig að tryggja myndgæði fjarfunda betur. Fleiri notendur hafa bæst inn í þann hóp sem getur tengst fundi í gegnum fjarfundabiðlara.

Afgreiðslukerfi og eftirlitsmyndavélar

Afgreiðslukerfi var sett upp á Laugavegi 166 ásamt sjónvarpsskjá sem sýnir upplýsingar úr kerfinu, þ.e. hverja er verið að afgreiða og hve margir bíða.

Öryggismyndavélum var fjölgað á árinu bæði innan húss og utan. Nýtt myndavélakerfi var sett upp og er áformað að sameina eldri kerfi við það nýja.

Á staðgreiðsluskrá RSK 2011 voru samtals 20.575 lögaðilar og 13.570 einstaklingar. Nýir á skrá á árinu voru 3.554 en 5.151 var afskráður. Að venju fór mikil vinna í að afgreiða staðgreiðsluerindi bæði frá launþegum og launagreiðendum vegna staðgreiðsluáranna 2010 og 2009. Erindi frá launþegum vegna 2010 voru 162 en leiðréttingar frá launagreiðendum voru 931. Einnig voru 925 breytingar gerðar vegna ársins 2009.

Áfram var unnið að því að fá fleiri launagreiðendur í rafræn skil. Nú eru um 75% launagreiðenda í rafrænum skilum og 98,3% sundurliðana koma með rafrænum hætti. Samkvæmt innsendum skilgreinum staðgreiðslu á árinu voru greidd laun kr. 904.702.139.329 og staðgreiðsla kr. 221.684.879.922.

Rafræn skil staðgreiðslu

Frá og með árinu 2011 var hætt að árita skilgreinar (gíróseðla) líkt og gert hafði verið frá árinu 1989. Nú skila 99,5% launagreiðenda með rafrænum hætti en 10% einyrkja, sem eingöngu eru með reiknað endurgjald, skila með gamla laginu.

Staðgreiðsla fjármagnstekjuskatts

Frá og með fyrsta ársfjórðungi 2010 var hægt að skila staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts með rafrænum hætti og var því hætt að senda út gíróseðla.

Endurgreidd staðgreiðsla

Á árinu voru afgreiddar 346 beiðnir um endurgreiðslu á staðgreiðslu vegna náms og vegna millifærslu milli skattþrepa hjá hjónum/samsköttuðum.



Upplýsingagjöf

**Í upphafi ársins voru gerðar
framtalsleiðbeiningar fyrir einstaklinga
vegna skattframtals 2011.
Leiðbeiningarnar voru tilbúnar í febrúar og
prentaðar í 7.000 eintökum en jafnframt
birtar á vefsíðu embættisins.**



Leiðbeiningar o.fl.

Leiðbeiningar um virðisaukaskatt voru endurskoðaðar og endurútgefnar á árinu. Í tengslum við upptöku CFC-reglna voru gerð eyðublöð og leiðbeiningar þar um.

Starfsmenn á fagsviði komu að gerð orðsendinga til viðskiptavina um virðisaukaskatt, staðgreiðslu opinberra gjalda og önnur atriði í skattframkvæmdinni.

Unnið var að gerð skattmats 2012 og var það tilbúið í desember og síðan birt í Stjórnartíðindum 30. desember 2011, að fenginni staðfestingu fjármálaráðherra.

Þá var undir lok ársins unnið að gerð viðmiðunarreglna um reiknað endurgjald á tekjuárinu 2012 og voru reglunar birtar í Stjórnartíðindum 30. desember 2011, að fenginni staðfestingu fjármálaráðherra.

Verklagsreglur og verkferlar

Haldið var áfram vinnu við verklagsreglur og verkferla. Nú eru tilbúnir tveir verkferlar og tilheyrandi verklýsingar varðandi virðisaukaskattsframkvæmdina og mun vinna halda áfram við gerð fleiri slíkra ferla.

Verklagsreglur um ívilnanir voru endurskrifaðar á árinu. Samhliða voru haldnir fundir með öllum þeim starfsmönnum sem starfa við þetta verkefni. Hafin var gerð verklagsreglna um handreikning í samstarfi einstaklings- og fagsviðs.

Fræðsla og fundir

Haldnir voru tólf fræðslufundir fyrir starfsmenn í umsjón fagsviðs. Í flestum tilvikum sáu starfsmenn sviðsins um kennslu á þessum fræðslufundum en starfsmenn lögfræðisviðs og tæknisviðs tóku einnig þátt í kennslunni. Flestir fundirnir voru haldnir á Laugavegi 166 og í fjarfundi, en í einstaka tilviki voru fræðslufundir haldnir á öðrum starfsstöðum. Sem dæmi um efni sem fjallað var um á fræðslufundum má nefna: Umfjöllun um frádrátt vegna kostnaðar við viðhald og endurbætur á íbúðarhúsnæði/frístundahúsnæði („Allir vinna“), umfjöllun um lagabreytingar sem gerðar voru 2010, umfjöllun um reiknað endurgjald og skattmat á tekjuárinu 2011, umfjöllun um málsmeðferðarreglur, umfjöllun um breytingar á skattframtali 2011, umfjöllun um gistináttaskatt, og yfirferð á raf-rænum skilum virðisaukaskatts og staðgreiðslu opinberra gjalda.

Auk þess sem að framan er getið var haldinn tekjuskattsfundur í febrúar og virðisaukaskattsfundur í mars þar sem m.a. var fjallað um ESB-tilskipunina um virðisaukaskatt.

Haldnar voru tvær málstofur um handreikning og ein málstofa um staðgreiðslu, en í öllum tilvikum komu þar saman allir starfsmenn sem fást við þennan hluta skattframkvæmdarinnar og samræmdu sína vinnu. Í kjölfarið voru t.d. gerðar breytingar á handreikniforriti og óskað eftir breytingum á reglugerðum sem snerta þann málaflokk.

Á árinu voru haldnir kynningarfundir um skattamál fyrir nokkra hópa utan skattkerfisins. Þar á meðal voru tónlistarmenn (ÚTON), Félag viðurkenndra bókara, starfsmenn tollstjóra, starfsmenn um-

boðsmanns skuldara, ökuleyfishafar, leigubifreiðastjórar, Bændasamtökin, hluti af starfsmönnum Reykjavíkurborgar, Samtök aðila að ferðaþjónustu, og farfuglaheimili. Þá voru haldnar nokkrar kynningar á skattframtali 2011 utan embættisins og tvö námskeið fyrir þá sem voru að hefja rekstur.

Fróði

Fróði er upplýsingabrunnur embættisins. Þar eru vistaðar leiðbeiningar, verklagsreglur, verkferlar og annað efni sem varðar leiðbeiningar varðandi skattframtalumdina, þ.m.t. það sem unnið var að á árinu 2011. Auk þess var unnið áfram að gerð annars efnis í Fróða og t.d. birtur sérstakur kafli um lagabreytingar á árunum 2010 og 2011 að því er varðar beina skatta.

Starfshópar fagsviðs

Starfsmenn á fagsviði tóku þátt í störfum nokkurra starfshópa á árinu bæði innan embættisins og utan þess, þ.e. í starfshópum á vegum ráðuneyta.

Starfsmenn sviðsins hafa tekið þátt í starfshópum í tengslum við upptöku á nýju kerfi um virðisaukaskattsframtalumdina. Þetta starf stendur enn yfir og verður haldið áfram.

Fjórir starfsmenn sviðsins tóku þátt í starfi starfshóps um upp-töku á gistináttaskatti og tók það verkefni drjúgan tíma á haustmánuðum. Þessu starfi var að miklu leyti lokið um áramótin, m.a. með kynningum fyrir þá sem málið varðar, en verkefnið mun þó kalla á einhverja vinnu áfram að því er varðar framtalumdina.

Einn starfsmaður hefur tekið þátt í starfshópum á vegum fjármálaráðuneytisins varðandi CFC-reglur. Þessu starfi var ólokið um áramótin.

Einn starfsmaður hefur tekið þátt í störfum tveggja starfshópa á vegum fjármálaráðuneytisins, öðrum varðandi magra eiginfjármögnun og hinum varðandi afleiðuviðskipti. Sami starfsmaður hefur einnig tekið þátt í störfum starfshóps á vegum velferðarráðuneytisins um húsnæðiskerfið. Þessum störfum var ekki lokið um áramótin.

Tveir starfsmenn hafa tekið þátt í vinnu í starfshópi um kynjaða hagstjórn. Vinnu þessa starfshóps var ekki lokið um áramótin.

Lagafrumvörp, reglugerðir, umsagnir

Starfsmenn á fagsviði tóku þátt í vinnu við álitsgerðir til fjármálaráðuneytis og Alþingis vegna lagafrumvarpa og reglugerða.

Álitsgerðir og upplýsingagjöf

Starfsmenn á fagsviði tóku ríkan þátt í að svara fyrirspurnum bæði frá starfsmönnum og skattaðilum, hvort heldur í gegnum tölvupóst eða síma. Svör við slíkum fyrirspurnum voru í nokkrum tilvikum birt á ytri vef embættisins sem ákvarðandi bréf og á innri vef embættisins sem almenn bréf. Þá voru jafnframt birt á ytri vef embættisins ákvarðandi bréf sem gerð voru að gefnu tilefni um tiltekin álitaefni. Ákvarðandi bréf vegna beinna skatta urðu 11 á árinu 2011 og voru 10 þeirra unnin á fagsviði. Einnig voru send nokkur minnisblöð til starfsmanna vegna tiltekinna atriða í skattframtalumdinni, s.s. eftirgjöf skulda.



Önnur verkefni

Auk framangreindra og annarra tilfallandi verkefna var unnið að framtalumd á endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna viðhalds og endurbóta á íbúðar- og frístundahúsnæði, afgreidd erindi, endurákvarðanir og úrskurðir, m.a. vegna bifreiðagjalda og staðgreiðslumála, tekið þátt í frágangi ýmissa mála og undirbúningi fyrir endurálagningu auðlegðarskatts, unnið að upptöku CFC-reglna og reglna um skiptingu arðstekna.

Þá tóku tveir starfsmenn þátt í rýnivinnu í tengslum við viðræður um mögulega aðild Íslands að Evrópusambandinu. Farnar voru tvær ferðir til Brussel í tengslum við þessa vinnu. Einnig komu starfsmenn að vinnu í sambandi við Blueprint-verkefni Evrópusambandsins. Jafnframt féll til nokkur vinna í tengslum við skoðun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á íslensku skattaumhverfi.

Skipulags- og þróunarmál

Um miðjan febrúar var fyrsti starfsmannafundur ársins haldinn en hann var tvískiptur. Þar voru kynntar niðurstöður vinnu við innri þætti embættisins sem unnið hafði verið að seinni hluta 2010. Almenni hluti fundarins, sem allir starfsmenn sóttu, var stuttur en í framhaldi af honum var haldinn stór tekjuskattsfundur fyrir bæði einstaklings- og atvinnurekstrarsvið, þar sem farið var yfir helstu áherslur í starfinu, leiðir að þeim og forgangsroðun. Fjallað var um framkvæmdina fyrir og eftir álagningu, skipulag, tæknimál og samspil tekjuskattsskrifstofu og virðisaukaskattsskrifstofu. Til viðbótar voru haldnir tveir stórir starfsmannafundir með þátttöku allra starfsmanna.

Á öðrum starfsmannafundi ársins var farið í SVÓT-greiningu þar sem kortlagðir voru styrkleikar og veikleikar embættisins, sem og þær ógnanir sem embættið stendur frammi fyrir, auk þeirra tækifæra sem eru í stöðunni. Á þriðja starfsmannafundinum var farið yfir þau gildi sem embættið stendur fyrir, en það var jafnframt lokapátturinn í því ferli sem sett var upp í lok árs 2009, við sameiningu skattstofanna og embættis ríkisskattstjóra. Skipulagningu þessara funda, sem og úrvinnsla þeirra fjölmörgu hugmynda sem fram komu, hefur verið stýrt af skipulagssviði en töluverður tími á árinu fór í undirbúning og úrvinnslu gagna af framangreindum starfsmannafundum.

Reglulega, eða á tveggja vikna fresti, fundar framkvæmdastjórn ríkisskattstjóra sem samanstendur af ríkisskattstjóra, vararíkisskattstjóra og sviðsstjórum. Einu sinni í mánuði koma inn á þessa fundi starfsstöðvastjórar hinna átta starfsstöðva embættisins. Á árinu voru að auki haldnir þrjú stórir stjórnendafundir sem sviðið hélt utan um, þar sem komu saman, auk framkvæmdastjórnar, skrifstofustjórar og hópstjórar.

Þróunarmál

Þau þróunarmál sem unnið var að á árinu voru öll tengd vefnum, bæði innri og ytri vefsvæðum. Innri vefur embættisins var kominn nokkuð til ára sinna og nauðsynlegt að gera gagngerar endurbætur á honum. Skipulagssvið tók að sér að hanna og forrita nýjan innri vef sem var tekinn í notkun 2. mars. Hönnun innri vefsins byggði m.a. á þeim hugmyndum og ábendingum sem komið höfðu frá starfsmönnum á undangengnum stefnumótunarfundum. Var áhersla lögð á að auðvelda innsetningu fréttar og viðburða, sem og að gera aðgengi að Fróða mun einfaldara og sýnilegra. Að auki var öll framsetning efnis endurhönnuð.

Tæknileg umsjón með sameiginlegu vefsvæði ríkisskattstjóra Norðurlandanna, nordisketax.net, er í höndum skipulagssviðs ríkisskattstjóra. Á árinu voru haldnir tveir fundir vegna þessa sem skipulagssvið sótti. Í mars var haldinn fundur í Malmö og í nóvember í Osló. Á þessum fundum var m.a. unnið að áframhaldandi þróun á vefsvæðinu, en á árinu voru gerðar miklar breytingar á fyrirspurnarkerfi vefsvæðisins auk þess sem öryggi notenda vefsíðunnar var aukið.

Starfsmenn skipulagssviðs tóku á árinu þátt í vinnu nokkurra starfshópa sem flokka mátti sem þróunarmál. Má þar helst nefna starfshóp um gistinguáttaskatt, starfshóp um sérstakan fjársýsluskatt, starfshóp um nýtt málakerfi, starfshóp um nýtt virðisaukaskattskerfi, og starfshóp um þarfagreiningu fyrir nýtt virðisaukaskattskerfi. Var vinna í starfshópum tengdum virðisaukaskatti sérlega viðamikil á árinu.

Auk þess sem að framan greinir var áfram unnið að þróun innri vefsins (þ.m.t. Fróða), ytri vefsvæða og þá aðallega í tengslum við rsk.is og skattalagasafn.is, og að lokum er vert að minnst á að tekið var í notkun svokallað netsamtal við þjónustuver til að auka enn frekar þjónustuna við viðskiptavinum embættisins.

Eins og fyrr ár átti ríkisskattstjóri fulltrúa í tveimur vinnuhópum á sviði skattamála hjá OECD. Annars vegar vinnuhópi 1 sem fjallar um tvísköttunarsamningsfyrirmynd OECD og breytingar á henni og meðfylgjandi greinargerð, og hins vegar vinnuhópi 10 sem fjallar um upplýsingaskipti á grundvelli tvísköttunar- eða upplýsingaskiptasamninga. Vegna þessarar vinnu voru sóttir tveir fundir hjá OECD á árinu 2011.



Framhald varð á svokallaðri TRACE-vinnu sem miðar að því að straumínulaga ferla hjá skattfyrvöldum þannig að auðveldara verði fyrir fjárfesta að njóta þeirra réttinda sem þeir eiga samkvæmt tvísköttunarsamningum, og samhliða auka upplýsingagjöf til skattfirvalda. Fjórir fundir voru vegna þessa verkefnis á árinu, þar af var einn fundanna haldinn á Íslandi.

Framhald varð á vinnu samnorræns vinnuhóps um framkvæmd og tæknilegar útfærslur á upplýsingaskiptasamningum sem gerðir hafa verið við svokölluð lágskattaríki. Í október var haldin ráðstefna í Stokkhólmi þar sem fulltrúar frá Norðurlöndunum og Isle of Man ræddu saman um framkvæmd þessara samninga. Meðal annars var farið yfir hvernig upplýsingabeidni skuli úr garði gerð svo að hún sé tæk til afgreiðslu, og þá reynslu sem komin er á upplýsingaskiptin. Í nóvember var svo haldinn fundur á Íslandi með fulltrúum frá Norðurlöndunum annars vegar og Mónakó og Bresku Jómfrúreyjum hins vegar. Á þeim fundi var farið yfir upplýsingaskiptasamninga sem gerðir hafa verið milli þessara ríkja, sem og farið yfir helstu atriði í skattkerfi og skattastjórnkerfi ríkjanna.

Á árlegum norrænum embættismannafundi sem haldinn var í Nuuk á Grænlandi í ágúst 2011 voru ýmis túlkunar- og framkvæmdarleg atriði rædd í tengslum við norræna tvísköttunarsamninginn. Þá voru helstu lagabreytingar kynntar ásamt því að farið var yfir stöðu viðræðna um gerð nýrra tvísköttunarsamninga.

Ríkisskattstjóri átti að venju fulltrúa á aðalfundi IOTA (The Intra-European Organisation of Tax Administrations) sem að þessu sinni var haldinn í Nice í Frakklandi, sem og fulltrúa á ríkisskattstjórafundum Norðurlandanna sem haldinn var í Danmörku um miðjan júní.

Evrópusambandið

Eins og fyrr tóku fulltrúar frá ríkisskattstjóra þátt í undirbúningsvinnu vegna aðildarumsóknar Íslands að Evrópusambandinu. Í febrúar og mars fóru fulltrúar embættisins til Brussel vegna svokallaðra rýnifunda sem eru undirbúningsfundir fyrir eiginlegar samningaviðræður. Þá heimsótti embættið í maí sendinefnd frá Evrópusambandinu sem hafði það verkefni að gera úttekt á skattastjórnsýslu, tölvukerfum, lagaumhverfi, starfsmannamálum og fleiru til samanburðar við ákveðna fyrirmynd sem Evrópusambandið hefur látið gera. Í kjölfarið fékk embættið skýrslu um úttektina þar sem bent var á atriði sem betur mættu fara. Ríkisskattstjóri hefur sent fjármálaráðuneytinu nefnda skýrslu til þóknanlegrar meðferðar.

Upplýsingaskipti

Regluleg upplýsingaskil voru með hefðbundnum hætti. Ríkisskattstjóri sendi upplýsingar um laun, fjármagnstekjur, líffeyri o.fl. til erlendra skattfirvalda í 36 löndum vegna tekjuársins 2010, og móttók upplýsingar frá 20 erlendum ríkjum vegna sama tekjuárs. Þessu til viðbótar fékk embættið upplýsingar frá átta ríkjum vegna eldri tekjuára. Sem fyrr varð mikil aukning í tilfallandi upplýsingabeidnum sem sendar voru erlendis frá og þar sem ríkisskattstjóri fór fram á aðstoð erlendra skattfirvalda við að afla upplýsinga um tiltekna skattaðila. Á árinu 2010 bárust 50 beiðnir frá erlendum yfirvöldum þar sem óskað var aðstoðar ríkisskattstjóra við að afla upplýsinga. Ríkisskattstjóri skrifaði erlendum yfirvöldum vegna 15 skattaðila til að fá frekari upplýsingar þar um.

Húsnæði

Ráðist var í að endurbæta fundar- og kennslusali á 4. hæð starfsstöðvar ríkisskattstjóra á Laugavegi 166. Fyrir voru skrifstofur og eldri aðstaða fyrir fundi og kennslu, auk mötuneytis sem var orðið allt of lítið fyrir um hundrað starfsmenn sem þá voru í húsinu.

Við sameininguna og tilflutning starfsfólks á Laugaveginum fór fjöldi starfsmanna á starfsstöðinni í tæplega 150 og því brýn þörf á betri aðstöðu. Á vormánuðum var hafist handa við hönnun fyrrgreindrar aðstöðu og framkvæmdir hófust seinni hluta sumars. Lauk verkfræmðum í októbermánuði. Til viðbótar var ráðist í endurbætur á aðliggjandi salernum á tengigangi milli álma 4. hæðar og voru þær langt komnar í árslok.

Með þessum framkvæmdum hefur verið komið upp stórbættri og löngu tímabærri aðstöðu til fundarhalda, námskeiðahalds og mötuneytisaðstöðu. Við hönnun aðstöðunnar á 4. hæð var horft til þess að geta samnýtt alla álmuna til stærra funda, s.s. starfsmannafunda og fyrirlestra. Í því sambandi var sett upp kerfi fyrir hljóð og mynd sem dreifa má um allt svæðið, og nú er hægt að opna á milli fundarsala og inn í mötuneyti til þess að skapa aðstöðu fyrir stærra samkomur. Þá var settur upp fjarfundabúnaður í salina svo hægt sé að halda bæði stóra og smáa fundi sem dreifa má um landið á allar starfstöðvar. Með því skapast mikið hagræði í rekstrinum vegna minni tíma og kostnaðar við ferðir, auk möguleika á auknu samráði og samræmingu á milli starfsstöðva um allt land.

Að auki hefur verið unnið í ýmsum minni verkefnum húsnæðismála vegna viðhalds og endurbóta á aðstöðu, eins og gera má ráð fyrir í svo stórra stofnun. Sífellt meiri kröfur eru gerðar til öryggis fyrirtækja og stofnana, öryggis starfsfólks þeirra og gagnaöryggis. Ríkisskattstjóri leggur mikla áherslu á að öryggismál séu í góðu lagi og hafa framkvæmdir á Laugavegi tekið mið af þeim áherslum, bæði hvað varðar aðgangsoöryggi og öryggi starfsmanna á vinnustað.



Í upphafi árs var nýtt sameiginlegt skjalavistunarkerfi tekið í notkun. Eldri skjalavistunarkerfum var í framhaldi af því lokað, og þau mál sem enn voru í vinnslu flutt úr eldri kerfum yfir í það nýja og lokið þar. Jafnframt var nýja skjalavistunarkerfinu skipt í tvennt, þ.e. GoPro Skattur fyrir samskipti út á við og GoPro RSK fyrir önnur mál, svo sem rekstur og innri starfsemi.

Stofnuð voru 69.630 mál í GoPro Skattur sem dreifðust þannig innan ársins: Flest mál voru stofnuð í janúar sem skýrist af flutningi ólokinna mála úr gömlum skjalavistunarkerfum. Í maímánuði var verið að vinna við álagningarskoðun og m.a. útbúin 95. gr. og 96. gr. bréf. Þriðji toppurinn var svo í ágúst þegar kærur vegna álagningar einstaklinga bárust embættinu. Samtals voru stofnuð 470 mál í GoPro RSK á árinu 2011.

Fræðsla

Farið var út á allar starfsstöðvar og nýja sameiginlega skjalavistunarkerfið GoPro Skattur kynnt. Útbúnar voru almennar leiðbeiningar um notkun á kerfinu. Þá voru gerðar sérstakar leiðbeiningar um skráningu, skönnun og frágang mála fyrir rekstur og launþega. Tengiliðir úti á starfsstöðvum fóru á námskeið í skráningu og meðferð mála.

Málalykill

Útbúinn var nýr málalykill sem samþykktur hefur verið af Þjóðskjalasafni Íslands og gildir fyrir skjalatímabilið 2011 til 2015.

Skjalavistun

Unnið var að þökkun framtala einstaklinga og lögaðila á flestum starfsstöðvum. Sumar starfsstöðvarnar eru búnar að skila öllum sínum framtölum, 2000 og eldri, til Þjóðskjalasafns Íslands og aðrar munu klára það á næsta ári.

Einnig var stofngögnum frá fyrirtækjaskrá pakkað sem og stórum hluta af skjalasafni gamla ríkisskattstjóraembættisins fram til ársins 2010.

Tölfræði

Á staðtöluvef embættisins er að finna yfirgrípsmikið safn upplýsinga um skattstofna og álagningu einstaklinga og lögaðila vegna álagningar opinberra gjalda. Á hverju ári er unnið að því að bæta við og uppfæra þessar upplýsingar. Aðgangur að skattatölfræði á vefnum er öllum heimill án gjaldtöku. Áhugi á þessum gögnum fer sífellt vaxandi og einnig er aukning á því að ráðuneyti, stofnanir, hagsmunasamtök, fræðimenn og fjölmiðlar óski eftir því að upplýsingar sem byggja á gögnum embættisins séu unnar sérstaklega.

Árið 2011 var unnið að rannsókn á skattkerfinu í samstarfi við sérfræðinga Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Embættið tók þátt í að próa velferðarvisa með efnahags- og viðskiptaráðuneytinu. Þá var samstarf við greiningarteymi eftirlitssviðs embættisins aukið.

Greiningar og rannsóknir á sköttum, þróun skattstofna og skattbyrði voru unnar fyrir Tíund, fréttablað ríkisskattstjóra.



Tilgangurinn með útgáfu Tíundar er að miðla upplýsingum um skattamál á milli starfsmanna skattyrivalda, ýmissa opinberra stofnana, sem og til almennings. Í blaðinu eru fréttir um það sem efst er á baugi hverju sinni hjá skattyfirvöldum en einnig birtast þar fræðigreinar um skattamál, brot úr sögu skattkerfisins, og reifaðir úrskurðir og dómur sem þýðingu hafa við skattfrákvæmd.

Duldar launagreiðslur eru meinsemd

Jóhann G. Ásrímsson er vískafræðingur að mennt og hafa mikla reynsla af upplýsingatekninum. Hann starfar nú sem hópskrifari vegna þess að hann er skattkerfisstjóri.

Þetta er myndir af Jóhanni Ásrímssoni í vinnu. Hann er vískafræðingur og hafa mikla reynsla af upplýsingatekninum. Hann starfar nú sem hópskrifari vegna þess að hann er skattkerfisstjóri.

Skattkerfið ríkisskattgjafa stundir daglega

Skattkerfið ríkisskattgjafa stundir daglega. Þetta er myndir af Jóhanni Ásrímssoni í vinnu. Hann er vískafræðingur og hafa mikla reynsla af upplýsingatekninum. Hann starfar nú sem hópskrifari vegna þess að hann er skattkerfisstjóri.

Véluvskattskattskil - álgungu brotin

1. Tölur og skil til véluvskattskattskil. 2. Tölur til véluvskattskattskil. 3. Tölur til véluvskattskattskil. 4. Tölur til véluvskattskattskil. 5. Tölur til véluvskattskattskil. 6. Tölur til véluvskattskattskil. 7. Tölur til véluvskattskattskil. 8. Tölur til véluvskattskattskil. 9. Tölur til véluvskattskattskil. 10. Tölur til véluvskattskattskil.

Tap vegna svarta vinnu

Álitun	Milljón króna	%
Ráðgjafi	6.220	45,2%
Launarmenningarmenn	2.142	22,8%
Launarmenningarmenn	1.999	14,5%
Stjórnendur	1.820	13,2%
Stjórnendur	26	0,2%
Allt viðtökuáætlun 2009	13.809	100,0%

Skattkerfið ríkisskattgjafa stundir daglega. Þetta er myndir af Jóhanni Ásrímssoni í vinnu. Hann er vískafræðingur og hafa mikla reynsla af upplýsingatekninum. Hann starfar nú sem hópskrifari vegna þess að hann er skattkerfisstjóri.

Gefin voru út þrjú tölublöð af Tíund, fréttablaði ríkisskattstjóra, sem komið hefur út frá árinu 1987. Viðtöl ársins voru við Svein Arason ríkisendurskoðanda, Guðrúnu Þorleifsdóttur lögfræðing í fjármálaráðuneytinu og Kristínu Norðfjörð sem nýverið lét af störfum við virðisaukaskattsfrákvæmd hjá embættinu. Leiðara ársins skrifuðu ríkisskattstjóri, vara-ríkisskattstjóri og starfsmannstjóri. Tíund er dreift til helstu stofnana, hagsmunaaðila og fjölmörgu auk þess sem fjölmargir einstaklingar eru áskrifendur að blaðinu. Á vefsíðunum tiund.is og rsk.is má að einnig skoða mörg eldri tölublöð af Tíund.

Upplag
Tíund er prentuð í 2.300 eintökum og er dreift til 1300 áskrifenda. Áskrift að Tíund er ókeypis.

TÍUND

FRETTLAÐ RSK • JUNÍ 2011

Viðtalið Svein Arason ríkisendurskoðandi

Atvinnulíf 2009

99% framfjenda aðgæðir með netframtalið

Er frelsið of dýrt verði keypt?

TÍUND

FRETTLAÐ RSK • OKTÓBER 2011

Leggur þú þitt af mörkum?

Efling góðra atvinnuhátta

TÍUND

FRETTLAÐ RSK • DESEMBER 2011

Viðtalið Kristín Norðfjörð

Hagnaður erlendna félaga skattlagður hjá innendum eigendum

Viðmiðunarreglur um vilnilar

Álagning lögaðila 2011

Hjá ríkisskattstjóra er rík áhersla á gagnkvæmt traust, tillitssemi og virðingu í öllum samskiptum á vinnustaðnum. Mannauðsstefna embættisins er endurskoðuð og uppfærð reglulega til að taka mið af breyttum áherslum og stuðla áfram að góðum starfsanda.



Starfsmenn

Í lok árs 2011 störfuðu 264 starfsmenn hjá embættinu og voru konur þar í meirihluta, 58% á móti 42% karla. Meðallífdur starfsmanna var 49,8 ár. Rétt rúmur helmingur starfsmanna var háskólamenntaður. Mikil reynsla býr í mannauði embættisins og að meðaltali hafa starfsmenn tæplega 13 ára starfsreynslu við skattframkvæmd.

Ársverk

Fjöldi ársverka hjá embættinu var rúmlega 257.

Starfsmannavelta

Starfsmannavelta ársins var 7,9% ef starfsmenn í lengri launlausum leyfum eru ekki taldir með í árslok. Sex starfsmenn létu af störfum vegna heilsuþrengingar eða lífeyristöku og að teknu tilliti til þess var starfsmannaveltan 5,6%.

Starfslok

Leitast hefur verið við að milda áhrif starfsloka hjá þeim starfsmönnum sem hafa starfað lengi hjá embættinu með því að gera þeim kleift að vera tímabundið í hlutastarfi samhliða lífeyristöku.

Styrkir

Embættið styrkir starfsmenn til líkamsræktariðkunar. Einnig geta starfsmenn sótt námskeið á hverju ári að eigin vali og fengið til þess styrk frá embættinu.

Upplýsingamiðlun

Mikið er lagt upp úr því að allir starfsmenn séu meðvitaðir um hvaða verkefni séu efst á baugi hjá embættinu hverju sinni. Í því skyni er öllum fundargerðum framkvæmdastjórnar dreift til starfsmanna auk þess sem starfsmenn hittast reglulega á fundum og miðla upplýsingum þar.



Fyrirmyndarstofnun

Árlega gerir SFR könnun meðal félagsmanna sinna til að leggja mat á upplifun þeirra á starfsskilyrðum og líðan á vinnustað. Síðustu ár hefur könnunin verið gerð í samvinnu við fjármálaráðuneytið og öllum 19 þúsund ríkisstarfsmönnum þannig verið gert kleift að segja skoðun sína.

Niðurstöður úr vali á Stofnun ársins 2011 voru kynntar í maí, en þetta var í sjötta sinn sem SFR stóð að vali á Stofnun ársins. Allir starfsmenn ríkisskattstjóra áttu þess kost að taka þátt í könnuninni, óháð stéttarfélagi, og var svarhlutfallið 81,7%.

Þær stofnanir sem eru í fimm efstu sætum könnunarinnar teljast vera fyrirmyndarstofnanir SFR auk þess sem sú stofnun sem hæst er að stigum fær titilinn Stofnun ársins. Ríkisskattstjóri var í ár í 2. sæti stærri stofnana, þ.e. stofnana með fleiri en 50 starfsmenn, en hafði verið í 5. sæti á árinu 2010.



Með sameiningu um áramótin 2009-10 voru embætti sjálfstæðra skattstjóra lögð niður og störf þeirra felld undir ríkisskattstjóra. Árið 2011 var því einungis annað árið sem nýtt, sameinað embætti ríkisskattstjóra var starfrækt og mikil mótun enn í gangi. Reknar eru níu starfsstöðvar um landið, í öllum gömlu kjördæmunum, en skattstofunni í Reykjavík var lokað á árinu og starfsemi sem verið hafði þar flutt ýmist á Laugaveg eða starfsstöðina í Hafnarfirði.

Á starfsmannafundi í október 2011 tóku allir starfsmenn þátt í SVÓT greiningu fyrir embættið. Í því fólst að greina hverjir væru helstu styrkleikar og veikleikar í innra umhverfi stofnunarinnar og væri mögulega unnt að breyta, sem og ógnanir og tækifæri í ytra umhverfi sem verður ekki auðveldlega breytt. Fjölmargir gagnlegir þættir komu fram í þessari vinnu sem verða nýttir til að þróa embættið áfram.

Vinnu við stefnumótun var fram haldið á starfsmannafundi í desember þar sem starfsmenn tóku þátt í að móta gildi hins nýja embættis. Þeirri vinnu var ætlað að gera vinnustaðinn og stofnana-menninguna enn betri. Verkefni fundarins var að finna hvaða gildi væru þegar ríkjandi á vinnustaðnum og hvaða gildi starfsmenn vilji hafa að leiðarljósi til framtíðar. Miklar og líflegar umræður voru á fundinum og allir höfðu eitthvað til málanna að leggja.





Ársreikningur 2011

Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings ...	36
Áritun endurskoðenda	37
Rekstrarreikningur	38
Efnahagsreikningur	39
Sjóðstreymi	40
Skýringar	41
Fjárheimildir og rekstur	42
Sundurliðanir	43
Skýringar með ársreikningi	49

Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings

Embætti Ríkisskattstjóra heyrir undir fjármálaráðuneytið. Það starfar samkvæmt heimildum í lögum um tekjuskatt. Ríkisskattstjóri hefur með höndum álagningu opinberra gjalda samkvæmt lögum um tekjuskatt og lögum um aðra skatta og gjöld sem honum eru falin framkvæmd á. Í því skyni skal hann setja

framkvæmdar- og starfsreglur ásamt leiðbeiningum og verklagsreglum. Ríkisskattstjóra ber að birta reglur og ákvarðanir sem hann metur að hafi þýðingu fyrir skattaðila og eftir atvikum gefa út og hafa til sölu. Ennfremur gegnir Ríkisskattstjóri því hlutverki að annast skatteftirlit á landinu öllu.

Á árinu 2011 varð 12.833 þús.kr. tekjuafgangur af rekstri embættisins. Eignir samkvæmt efnahagsreikningi námu alls 322.089 þús.kr. skuldir 88.715 þús.kr. og eigið fé 233.374 þús.kr. Ríkisskattstjóri og sviðsstjóri fjármálasviðs staðfesta hér með ársreikning embættis Ríkisskattstjóra fyrir árið 2011 með undirskrift sinni.

Reykjavík, 26. júní 2012

Skúli Eggert Þórðarson
ríkisskattstjóri

Ásgeir Heimir Guðmundsson
sviðsstjóri fjármálasviðs

Til ríkisskattstjóra og ráðuneytis

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Ríkisskattstjóra fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma staðfestingu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær

einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunar- aðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars

á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir og stjórnendur nota við gerð ársreikningsins og framsetningu hans í heild. Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggga mynd af afkomu Ríkisskattstjóra á árinu 2011, efnahag hans 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

Ríkisendurskoðun, 26. júní 2012

Sveinn Arason
ríkisendurskoðandi

Óskar Sverrisson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur árið 2011

	Skýr.	2011	2010
Tekjur			
Ríkistekjur	1	85.905.694	91.967.494
Sértekjur.....	2	86.588.115	78.925.921
		<u>172.493.809</u>	<u>170.893.415</u>
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	3	1.770.405.400	1.655.650.725
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	4	151.278.241	143.769.034
Funda- og ferðakostnaður	5	40.889.578	21.742.551
Aðkeypt sérfræðipjónusta	6	39.988.125	23.250.011
Rekstur tækja og áhalda.....	7	15.791.350	25.160.745
Annar rekstrarkostnaður	8	41.422.474	37.191.349
Húsnæðiskostnaður	9	159.181.929	157.627.241
Bifreiðarekstur.....	10	1.479.161	1.394.586
Rekstur skattvinnslukerfa.....	11	265.964.681	299.911.595
		<u>2.486.400.939</u>	<u>2.365.697.837</u>
Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi.....	12	17.700.318	31.263.384
Eignakaup	13	52.859.501	105.865.831
		<u>2.556.960.758</u>	<u>2.502.827.052</u>
Tekjuhalli fyrir ríkisframlag		(2.384.466.949)	(2.331.933.637)
Ríkisframlag.....		<u>2.397.300.000</u>	<u>2.386.400.000</u>
Tekjuafgangur ársins.....		<u>12.833.051</u>	<u>54.466.363</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2011

	Skýr.	2011	2010
Eignir			
Veltufjármunir			
Ríkissjóður	14	223.723.849	207.327.013
Skammtímakröfur.....		18.429.216	11.922.570
Handbært fé		79.935.618	79.840.182
		<u>322.088.683</u>	<u>299.089.765</u>
		Veltufjármunir	
Eignir alls		<u>322.088.683</u>	<u>299.089.765</u>

Eigið fé og skuldir

Eigið fé

Höfuðstóll:

Höfuðstóll í ársbyrjun		220.540.492	166.074.129
Tekjuafgangur ársins		12.833.051	54.466.363
		<u>233.373.543</u>	<u>220.540.492</u>
		Eigið fé	
	15		

Skuldir

Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir	16	88.715.140	78.549.273
		<u>88.715.140</u>	<u>78.549.273</u>
		Skuldir	

Eigið fé og skuldir		<u>322.088.683</u>	<u>299.089.765</u>
----------------------------------	--	--------------------	--------------------

Sjóðstreymi árið 2011

	Skýr.	2011	2010
Rekstrarhreyfingar			
Veltufé frá rekstri:			
Tekjuafgangur ársins		12.833.051	54.466.363
Veltufé frá rekstri		<u>12.833.051</u>	<u>54.466.363</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímafrófur (hækkun)/lækkun		(6.506.646)	(3.927.000)
Víðskiptaskuldir hækkun/(lækkun)		10.165.867	(165.941)
		<u>3.659.221</u>	<u>(4.092.941)</u>
Handbært fé frá rekstri		16.492.272	50.373.422
Fjármögnunarhreyfingar			
Breyting á stöðu við ríkissjóð			
Framlag ríkissjóðs		(2.397.300.000)	(2.386.400.000)
Greitt úr ríkissjóði		2.380.903.164	2.357.238.760
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(16.396.836)</u>	<u>(29.161.240)</u>
Hækkun á handbæru fé		95.436	21.212.182
Handbært fé í ársbyrjun		<u>79.840.182</u>	<u>58.628.000</u>
Handbært fé í lok ársins		<u>79.935.618</u>	<u>79.840.182</u>

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Ríkisskattstjóra er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, nr. 696/1996. Samkvæmt fjárreiðulögum eiga A-hluta ríkisstofnanir ekki að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni heldur skulu þeir gjaldfærðir á kaupári. Stofnanirnar eiga almennt ekki að taka lán til langs tíma og mega ekki gangast undir skuldbindingar til lengri tíma nema með heimild í fjárlögum.

Skattar

Ríkisskattstjóri greiðir ekki tekjuskatt.

Skráning tekna

Sértekjur embættisins eru skráðar í bókhald við greiðslu.

Skráning gjalda

Gjöld eru almennt bókuð þegar reikningar berast embættinu.

Starfspáttagreining

Í skýringum er rekstri embættisins skipt á viðfangsefni sem falla að skipulagi þess.

Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á.

Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankareikningum.

Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna embættisins er áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs er lífeyrisskuldbinding ekki færð í ársreikning einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur er hún færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á.

Bókhald og fjárvarsla

Embættið sér sjálft um að greiða reikninga. Bókhaldið er fært hjá embættinu. Fjárslá ríkisins sér um útreikning og greiðslu launa.

Fjárheimildir og rekstur

Fjárveitingar á fjárlögum námu 2.325,3 m.kr. Millifærðar voru á embættið 72,0 m.kr. vegna launabóta. Heildarfjárheimild ársins 2011 nam því 2.397,3 m.kr. Þar af var gert ráð fyrir að 89,0 m.kr. yrðu fjármagnaðar með ríkistekjum. Rekstrargjöld ársins, að frádrögnum sértekjum, námu samtals 2.384,5 m.kr. og tekjuafgangur eftir færslu ríkistekna nam 12,8 m.kr.

Í þús. kr.	Fjárlög	Fjárheimild	Reikningur	Frávik
Sértekjur	(19.300)	(19.300)	(86.588)	67.288
Laun og launatengd gjöld	1.570.600	1.642.600	1.770.405	(127.805)
Önnur rekstrargjöld.....	841.100	841.100	715.996	125.104
	<u>2.392.400</u>	<u>2.464.400</u>	<u>2.399.813</u>	<u>64.587</u>
Eignakaup	21.900	21.900	70.560	(48.660)
	<u>2.414.300</u>	<u>2.486.300</u>	<u>2.470.373</u>	<u>15.927</u>
Ríkistekjur	(89.000)	(89.000)	(85.906)	(3.094)
	<u>2.325.300</u>	<u>2.397.300</u>	<u>2.384.467</u>	<u>12.833</u>

Sundurliðun eftir viðfangsefnum í þús.kr.:	2011	2010
Sértekjur.....	(86.588)	(78.926)
Rekstrartekjur	(85.906)	(91.967)
Yfirstjórn	2.273.296	2.171.652
Skattvinnslukerfi	265.965	299.912
Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi.....	17.700	31.263
	<u>2.384.467</u>	<u>2.331.934</u>

1 Ríkistekjur

Ríkistekjur eru tilkomnar vegna aðgangs viðskiptavina að hlutafélagaskrá og fyrirtækjaskrá sem og greiðslum fyrir vottorð úr sömu skrá.

	2011	2010
Aðgangur að hlutafélagaskrá	48.354.825	51.636.315
Aðgangur að fyrirtækjaskrá	32.126.051	33.725.964
Vottorð	5.424.818	6.605.215
	<u>85.905.694</u>	<u>91.967.494</u>

2 Sértekjur

Sértekjur jukust um 7,7 m.kr. milli ára eða 9,7%. Hækkun tekna milli ára má rekja til aukningu í sölu á ársreikningum. Á móti lækkuðu tekjur af kostnaðarhlutdeild vegna sameiginlegs verkefnis sem lauk á árinu 2010. Auk þess var reikningur að fjárhæð 0,8 m.kr. vegna ársins 2011 innheimtur á árinu 2012.

Ársreikningar og skönnuð skjöl	76.952.716	63.600.307
Seld sérfræðipjónusta	6.356.873	7.655.898
Tekjur af fræðslustarfsemi	626.200	964.000
Kostnaðarhlutdeild	173.444	4.483.754
Aðrar tekjur	2.478.882	2.221.962
	<u>86.588.115</u>	<u>78.925.921</u>

3 Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld voru 1.770,4 m.kr. árið 2011 og hækkuðu um 6,9% milli ára. Ársverk voru 257,1 sem er fjölgun um 1,4 ársverk frá fyrra ári. Launagjöld reiknuð á ársverk hækkuðu um 6,3% milli ára. Áfallið orlof er ekki reiknað og fært upp í ársreikninginn.

Dagvinna	1.139.037.780	1.094.095.100
Yfirvinna	198.437.066	169.537.204
Aukagreiðslur	73.868.796	57.535.212
Launatengd gjöld	343.881.755	321.321.145
Starfsmannakostnaður	15.180.003	13.162.064
	<u>1.770.405.400</u>	<u>1.655.650.725</u>

4 Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Kostnaður vegna auglýsinga og kynninga hækkaði um 9,6 m.kr. milli ára og skýrist hækkunin aðallega af áminningum til framteljenda árið 2011 og auglýsingaherferð vegna svartrar atvinnustarfsemi. Kostnaður vegna síma- og afnotagjalda jókst um 9,0 m.kr. milli ára eða 16,6% og aðallega vegna hærri leyfisgjalda.

	2011	2010
Auglýsingar og kynningar	21.393.148	11.829.726
Símagjöld og afnotagjöld	63.389.315	54.375.928
Burðargjöld	36.189.424	38.929.354
Prentkostnaður, ísetning til póstlagningar	19.139.312	19.073.714
Skrifstofuvörur	9.839.550	18.222.725
Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	1.327.492	1.337.587
	<u>151.278.241</u>	<u>143.769.034</u>

5 Funda- og ferðakostnaður

Funda- og ferðakostnaður embættisins var 40,9 m.kr. árið 2011 og hækkar um 19,1 m.kr. milli ára eða 88%. Ferða- og dvalarkostnaður innanlands hækkaði um 8,5 m.kr. milli ára en ferðum starfsmanna vegna funda í Reykjavík og ferðum milli starfstöðva fjölgaði á árinu auk almennra kostnaðarhækkana.

Ferða- og dvalarkostnaður innanlands.....	14.201.312	5.747.622
Ferða- og dvalarkostnaður erlendis	7.531.458	122.356
Fundur, ráðstefnur og námskeið	10.407.007	3.767.842
Akstur	6.191.178	3.993.295
Félagsgjöld	2.185.379	2.084.928
Risna.....	373.244	26.508
	<u>40.889.578</u>	<u>21.742.551</u>

6 Aðkeypt sérfræðiþjónusta

Skýringu á aukningu kostnaðar vegna aðkeyptrar sérfræðiþjónustu milli ára um 16,7 m.kr. má rekja til endurbóta á tölvuveri RSK og kostnaðar við skráningu á sögu Ríkisskattstjóra. Kostnaður vegna rekstarsamninga er þjónusta frá Fasteignum ríkissjóðs vegna breytinga á húsnæði embættisins.

	2011	2010
Tölvu- og kerfisfræðiþjónusta	8.073.956	5.516.913
Sérfræðiþjónusta	22.871.133	16.758.098
Önnur sérfræðiþjónusta	6.496.148	975.000
Rekstrarsamningar	2.546.888	0
	<u>39.988.125</u>	<u>23.250.011</u>

7 Rekstur tækja og áhald

Undir þennan lið falla smátæki ásamt viðgerðum og varahlutum í skrifstofuvélar en einnig rekstrarleiga á tölvubúnaði fyrir skattkerfið. Leigukostnaður er háður gengisþróun. Þá er hér færður vinnukostnaður af vélbúnaðarsamningi. Lækkun kostnaðar milli ára má rekja til uppsetningar öryggiskerfa árið áður.

Smátæki og áhöld	7.830.536	14.973.092
Viðgerðir, viðhald og vélbúnaðarsamningur	5.219.724	4.763.518
Rekstrarleiga tækja og búnaðar	2.472.007	5.311.098
Varahlutir og viðhaldsvörur	269.083	113.037
	<u>15.791.350</u>	<u>25.160.745</u>

8 Annar rekstrarkostnaður

Á máltíðir er færð hlutdeild embættisins í fæðiskostnaði starfsmanna. Á þjónustugjöld eru færð samnefnd gjöld fjármálastofnana vegna notkunar á greiðslukortum. Hækkun milli ára á rekstrarvörum er vegna kaupa á gluggatjöldum á árinu.

	2011	2010
Máltíðir	27.305.902	25.907.140
Rekstrarvörur.....	7.253.501	3.289.447
Aðkeyptur akstur og flutningar	3.281.256	3.035.397
Hreinsun og gagnaeyðing	1.811.528	2.535.347
Ýmis önnur þjónustugjöld	978.047	917.770
Annar rekstrarkostnaður	792.240	1.506.248
	<u>41.422.474</u>	<u>37.191.349</u>

9 Húsnæðiskostnaður

Embættið er með aðalstöðvar á Laugavegi 166 í Reykjavík, en auk þess er embættið með starfsstöðvar í Hafnarfirði, Vestmannaeyjum og á Akranesi, Ísafirði, Siglufirði, Akureyri, Egilsstöðum og Hellu. Embættið leigir húsnæði á öllum starfsstöðvum af Fasteignum ríkissjóðs, nema á Egilsstöðum. Það húsnæði er leigt af einkaaðilum.

Leigugjöld	86.446.893	98.944.627
Orka	11.068.478	10.501.133
Viðhald fasteigna og innréttingar	20.270.417	4.067.738
Prif og sorphirða	10.856.103	11.500.225
Annar húsnæðiskostnaður	30.540.038	32.613.518
	<u>159.181.929</u>	<u>157.627.241</u>

10 Bifreiðarekstur

Embættið átti sex bifreiðar í árslok 2011. Ný bifreið var keypt á árinu 2011, Ford Escape, árgerð 2004. Bifreiðar embættisins eru aðallega notaðar vegna skatteftirlits.

	2011	2010
Bensín og olía	716.569	474.301
Opinber gjöld og tryggingar	477.820	585.165
Annar bifreiðakostnaður	284.772	335.120
	<u>1.479.161</u>	<u>1.394.586</u>

11 Rekstur skattvinnslukerfa

Á viðfangsefninu er haldið utan um rekstrarkostnað skattvinnslukerfa.

Sérfræðipjónusta	41.255.725	127.790.131
Tölvuvinnsla	110.688.915	31.407.010
Hugbúnaðargerð	107.822.337	134.904.006
Hugbúnaður	5.275.280	4.833.180
Annað	922.424	977.268
	<u>265.964.681</u>	<u>299.911.595</u>

12 Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi

Á viðfangsefninu er haldið utan um stofnkostnað skattvinnslukerfa. Undir hugbúnaðargerð er færður kostnaður við viðhald og nýsmíðar kerfisins.

Hugbúnaðargerð	17.006.814	25.569.335
Hugbúnaður	693.504	5.694.049
	<u>17.700.318</u>	<u>31.263.384</u>

13 Eignakaup

Helstu eignakaup ársins voru tölvubúnaður, síma- og fjarfundabúnaður og húsgögn.

	2011	2010
Húsgögn	9.090.792	18.511.583
Tölvubúnaður	27.843.046	43.607.104
Bifreiðar	1.155.848	3.485.000
Annað	14.769.815	40.262.144
	<u>52.859.501</u>	<u>105.865.831</u>

Annað

14 Staða við ríkissjóð

Í efnahagsreikningi er gerð grein fyrir greiðslustöðu embættisins gagnvart ríkissjóði. Þannig er skuld eða inneign færð um viðskiptareikning ríkissjóðs í reikningsskilunum. Í árslok nam krafa embættisins á ríkissjóð 223.724 þús.kr. og hafði hækkað um 16.397 þús.kr. á árinu.

Staða 1. janúar 2011	207.327.013
Ríkisframlag	2.397.300.000
Greiðslur	<u>(2.380.903.164)</u>
Staða 31. desember 2011	<u>223.723.849</u>

15 Eigið fé

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluaðferð leiðir það af sér að höfuðstóll embættisins sýnir uppsafnaðan tekjuafgang þess gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Á árinu 2011 nam tekjuafgangur 12.833 þús.kr og hækkar höfuðstóllinn því samsvarandi. Í lok ársins 2011 sýnir höfuðstóll embættisins uppsafnaðan tekjuafgang að fjárhæð 233.374 þús.kr.

Höfuðstóll:	
Höfuðstóll 1. janúar 2011	220.540.492
Ríkisframlag	2.397.300.000
Tekjuhalli fyrir ríkisframlag	<u>(2.384.466.949)</u>
Höfuðstóll 31. desember 2011	<u>233.373.543</u>

Skýringar með ársreikningi

Fimm ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs:

	2011	2010	2009	2008	2007
Rekstur					
Rekstrartekjur	172.494	170.893	146.884	132.909	149.540
Rekstrargjöld	2.539.260	2.468.079	1.148.566	1.092.464	1.041.122
Stofnkostnaður	17.700	34.748	84.020	57.697	39.303
Halli fyrir ríkisframlag	(2.384.466)	(2.331.934)	(1.085.702)	(1.017.252)	(930.885)
Ríkisframlag	2.397.300	2.386.400	1.111.900	1.000.700	946.500
Tekjuafgangur ársins	12.834	54.466	26.198	(16.552)	15.615
Efnahagur					
Veltufjármunir	322.089	299.102	169.382	111.564	141.358
Eignir alls.....	322.089	299.102	169.382	111.564	141.358
Höfuðstóll	233.374	220.540	98.894	72.697	89.249
Skammtímaskuldir	88.715	78.562	70.488	38.867	52.109
Eigið fé og skuldir alls.....	322.089	299.102	169.382	111.564	141.358

Embætti ríkisskattstjóra og skattstjóra voru sameinuð á árinu 2010

